

Fjarðaálsfréttir





22



07




12



17



19



36



32



Þetta blað uppfyllir strangar umhverfiskröfur norræna umhverfismerkisins Svansins. Til að uppfylla skilyrði Svansins þarf prentgripur að vera prentaður á umhverfsvottaðan pappír sem unninn er úr nytjaskógum. Við prentun eru notaðir jurtaprentlitir og umhverfissvæn hreinsiefni. Halda þarf nákvæmt grænt bókhald yfir alla þætti prentferilsins og allur úrgangur sem myndast við framleiðslu prentaðrar vöru skal endurunnninn eða komið til ábyrgðar förgunar.

Útgefandi: Alcoa Fjarðaál
Ábyrgðarmaður og ritstjóri: Dagmar Ýr Stefánsdóttir
Vinnsla efnis: Anna Heiða Pálsdóttir, Dagmar Ýr Stefánsdóttir og Hilmar Sigurbjörnsson.
Umbrot og hönnun: Brandenburg
Ljósmyndir: Hilmar Sigurbjörnsson o.fl.
Forsíðuljósmynd: Hilmar Sigurbjörnsson
Á forsíðu: Patrick og Ester Boateng
Prentun: Héraðsprent

EFNISYFIRLIT

04	Ávarp forstjóra	28	Stuðningur við menntun starfsmanna hjálpar fyrirtækinu að vaxa
05	Ný umhverfissvæn tækni í álframleiðslu	32	Verðum að gera okkar allra besta til að minnka sóun og auka sjálfbærni
07	„Það kostar að vera töffari“	34	Elsti gesturinn sem hefur sótt álverið heim
10	Hversu vel þekkjast þau?	35	Nýir raflausnarbílar auka öryggi og framleiðni
12	Óvenjuleg áhugamál	36	Rúmar 27 milljónir veittar í styrkúthlutun Fjarðaáls 2018
17	Bókaormur Fjarðaáls	40	Hundraðasti neminn útskrifast frá Stóriðjuskóla Fjarðaáls
19	Aldrei fundið fyrir fordómum á Reyðarfirði	42	Sendiráð Póllands setti upp afgreiðslu í álverinu
22	Árleg jólaskemmtun	43	Vísar Jaguar I-Pace veginn?
25	Ný virkjun í eyðifirði		

LEIÐARI



Haleljúja! Það er yndisleg tilfinning að koma út blaði en fæðingin getur verið ansi löng og ströng. En hér er það loksins komið. 11. tölublað Fjarðaálsfrétta hefur litið dagsins ljós og ég vona að þið njótið þess að glugga í blaðið yfir hátíðarnar. Fjarðaálsfréttum er dreift um allt Austurland, frá Vopnafirði til Djúpavogs og að auki sent til fjölmargra fyrirtækja og hagsmunaaðila.

Í blaðinu er reynt að varpa ljósi á þann fjölbreytta hóp sem starfar hjá Alcoa Fjarðaáli með því að taka viðtöl við fólk í ólíkum störfum og ræða við það jafnt vinnuna sem persónuleg málefni. Blaðið ber einnig keim af því að koma út í aðdraganda jóla. Við spurðum fólk sem varð á vegi okkar einn daginn í álverinu um jólahefðir og jólagjafir. Það var áberandi hvað fólk er orðið meðvitað þegar það velur jólagjafir. Flestir vilja sporna við neysluhyggjunni og nokkrir töluðu um að gefa gjafir sem væru frekar upplifanir en hlutir. Það finnst mér frábær hugmynd og best að koma því hér

með á framfæri að að hverslags dekur er meira en velkomið í jólapakkann minn – svona ef einhver var í vandræðum með að velja handa mér jólagjöf! Hvað jólahefðir á mínu heimili varðar þá hefur skapast sú hefð eftir að við hjónin eignuðumst börn að vera með samverudagatal fyrir fjölskylduna í desember. Ég get óhikað mælt með þessu og það sem er sett í dagatalið þarf ekki að vera flókið. Sem dæmi þá höfum við nú þegar farið í feluleik, valið okkur lög til að dansa við saman og hlýtt á söguna Jól í Ólátagarði. Þá er ég viss um að það mun vekja lukku þegar dagatalið býður okkur einn daginn að sækja snyrtidótið mitt og mála hvert annað - það gæti orðið ansi skrautlegt!

Að lokum vona ég að allir finni eitthvað skemmtilegt að lesa í blaðinu. Við förum meðal annars í leiðangur til Andorra með leiðtoga úr kerskalanum, kynntumst fólki með óvenjuleg áhugamál, komumst að því hvernig það er að vera eina konan í rafveitu Fjarðaáls og kynnumst framkvæmdastjóra sem fékk þá hugdettu að reisa virkjun í eyðifirði. Forsíðuna í ár prýða þau Ester og Patrick sem starfa í steypuskála Fjarðaáls en þau hafa bæði átt viðburðaríkt líf. Patrick segir til dæmis frá því hvernig það var að flytja frá Gana til Íslands.

Með ritstjórnarkveðju,

Dagmar Ýr Stefánsdóttir
yfirmaður samskipta og samfélagsmála

ÁVARP FORSTJÓRA



Í lok árs er viðeigandi að líta til baka yfir árið sem er að líða og huga að þeim þáttum sem standa upp úr. Við hjá Fjarðaáli leggjum áherslu á samfélagslega ábyrgð í okkar rekstri. Við viljum vera góðir nágrannar og leggja okkar af mörkum til að byggja upp blómlegt samfélag.

Ég tel að við getum gert það með margvíslegum hætti. Við erum stærsti vinnustaðurinn á svæðinu og því fylgir ábyrgð. Við leggjum mikla áherslu á jafnréttismál og fjölbreytni, við viljum skapa tækifæri fyrir bæði kynin. Það er ekki bara af því að það er það rétta til að gera heldur þá er ég sannfærður um að við tökum betri ákvarðanir og náum betri árangri á fjölbreyttum vinnustað.

Við getum bent á margt jákvætt með tilliti til jafnréttis í okkar fyrirtæki. Hlutfall kvenna í starfsliði Fjarðaáls er með því besta sem þekkist í okkar iðnaði en við viljum gera enn betur. Við vorum fyrst stórfyrirtækja til að fá vottun á jafnlaunastaðli sem einnig ber að fagna. Mér er afar hugleikin sú vinna sem við hjá Fjarðaáli förum í á árinu til að auka jafnrétti og bæta vinnustaðarmenninguna hjá okkur. Í upphafi árs stóðum við fyrir #metoo fundum fyrir alla starfsmenn Fjarðaáls og þeir fundir skiluðu stjórnendum aukinni þekkingu á því sem betur má fara hjá fyrirtækinu. Við jukum við þjálfun stjórnenda með tilliti til jafnréttismála. Við gerðum með okkur vinnustaðasátt-

mála sem starfsfólk undirritaði og þá er það orðin sameiginleg hugsjón okkar allra hvernig vinnustað við viljum í sameiningu skapa. Ég hlakka til að halda áfram þessari vinnu með öllu því frábæra og jákvæða starfsfólki sem vinnur hjá Fjarðaáli og vænti þess að á komandi árum muni konum fjölga hjá okkur enda höfum við lagt mikið upp úr því að skapa vinnustað fyrir alla, hvort sem það eru konur eða karlar, ungir eða gamlir, samkynhneigðir eða gagnkynhneigðir eða fólk af mismunandi uppruna. Það er okkar forgangsmál að fólki sem hér starfar líði vel í vinnunni.

En það var fleira sem við gerðum vel á árinu. Ýmsar áskoranir hafa verið í rekstrinum en starfsfólk Fjarðaáls hefur hvergi hvíkað í því að ala af sér nýjar og góðar umbótahugmyndir til að bæta öryggi, umhverfi og reksturinn. Margar góðar hugmyndir eiga upptök sín í Stjóriðjuskólanum okkar sem útskrifaði sinn hundraðasta nemanda á árinu. Þá hefur verið lögð áhersla á aukna sjálfvirkni í álverinu og það er verkefni sem við munum sjá þróast mun lengra á komandi árum. Miklar áskoranir eru í rekstrarumhverfi álvers á Íslandi og til að halda samkeppnishæfni þurfum við að vera í fremstu röð í tækni. Tækninýjungar og nýsköpun eru okkur því afar mikilvægar enda er stöðugt verið að leita leiða til að sinna verkunum á sem hagkvæmastan máta með umhverfis- og öryggissjónarmið að leiðarljósi.

Alcoa kynnti á árinu framhald verkefnis um þróun óvirkra rafskauta í samstarfi við Rio Tinto og Apple. Losun frá álveri með slíka framleiðslutækni verður súrefni í stað koltvísýrings. Það verður spennandi að sjá hvert þessi framleiðslutækni mun leiða okkur en nánar má lesa um verkefnið hér í blaðinu.

Að lokum langar mig að nýta tækifærið og óska Austfirðingum og landsmönnum öllum gleðilegrar hátíðar og farsældar á nýju ári.

Magnús Þór Ásmundsson

NÝ UMHVERFISVÆN TÆKNI Í ÁLFRAMLEIÐSLU

Alcoa Corporation og Rio Tinto, í samvinnu við Apple og Kanada, kynntu síðastliðið vor byltingarkennda aðferð við framleiðslu áls

Alcoa Corporation og Rio Tinto, í samvinnu við Apple og Kanada, kynntu síðastliðið vor byltingarkennda aðferð við framleiðslu áls sem losar frá sér súrefni og útrýmir allri beinni losun gróðurhúsalofttegunda frá framleiðslunni. Um er að ræða samvinnuverkefni fyrirtækjanna sem byggir á tækni sem Alcoa hefur þróað og felur í sér merkilegustu nýsköpun í áliðnaðinum í meira en heila öld.

Í því skyni að auðvelda þróun og markaðssetningu hinnar nýju vinnsluaðferðar í stærra mæli, stofnuðu Alcoa og Rio Tinto fyrirtækið Elysis en það mun þróa aðferðina svo hægt sé að hefja sölu á henni ásamt tæknibúnaði árið 2024. Elysis verður með höfuðstöðvar í Montréal í Kanada og rannsóknarstofu í Saguenay-Lac-Saint-Jean héraði í Québec en fyrirtækið mun þróa tæknina og fá einkaleyfi á henni þannig að hægt verði að nota hana til að endurhanna álver sem þegar eru til eða reisa ný álver byggð á henni.

Þegar tæknin hefur verið fullþróuð og innleidd mun hún útrýma beinni losun gróðurhúsalofttegunda frá framleiðsluferli áls. Tæknin sem Alcoa hefur þróað og fengið einkaleyfi fyrir, er þegar notuð til þess að framleiða ál í litlu magni í rannsóknarstofu Alcoa skammt frá Pittsburgh þar sem framleiðsluferlið hefur verið í þróun frá árinu 2009.

Roy Harvey, forstjóri Alcoa corp. sagði þegar greint var frá þessari tækninýjung: „Áliðnaðurinn hefur lengi beðið eftir þessari uppgötvun og hún er árangur margra ára þróunarstarfs einarðra starfsmanna Alcoa. Nú tekur við nýr áfangi í frumkvöðlastarfsemi okkar þar sem við færum sjálfbærni-eiginleika álsins mörgum skrefum fram. Hér höfum við tækifæri til þess að draga töluvert úr kolefnisfótspori ýmiss konar framleiðsluvöru, meðal annars bíla og raftækja.“ Það verður spennandi að sjá hvað framtíðin ber í skauti sér og hvenær þessi nýja tækni verður að veruleika í íslensku álverunum.



Roy Harvey forstjóri Alcoa, Vincent Christ nýr forstjóri Elysis og Justin Trudeau forsætisráðherra Kanada undirrita samkomulag um stofnun Elysis.





Bríet Ósk Moritz Hjörvarsdóttir

„ÞAÐ KOSTAR AÐ VERA TÖFFARI“

Bríet er eina konan sem starfar
í rafveitu Alcoa Fjarðaáls

Alcoa Fjarðaál stefnir að því að helmingur starfsfólks séu konur og til þess að svo megi verða er mikilvægt að laða til sín konur sem hafa numið „hefðbundnar karlagreinar“ eins og þær eru oft kallaðar. Fyrir nokkrum árum síðan bættist í hóp þeirra kvenna Bríet Ósk Moritz Hjörvarsdóttir sem er 27 ára rafvirki í háspennu og eina konan sem starfar í rafveitu Alcoa Fjarðaáls. Bríet er með stúdentspróf og auk þess sveinspróf í rafvirkjun og í vor mun hún útskrifast frá Háskólanum í Reykjavík sem rafionfræðingur og rafvirkja-meistari.

Byrjaði sem nemi á samningi

Árið 2012 var Bríet ráðin til Fjarðaáls sem nemi á samningi í rafvirkjun. Meistarinn hennar var Kjartan Sigurgeirsson. „Mig hefði aldrei getað grunað hversu mikil áhrif hann ætti eftir að hafa á minn feril“, segir Bríet. „Ég lauk sveinsprófinu 2013 með miklum stuðningi frá Kjartani og verð ég honum ævinlega þakklát fyrir alla hans hjálp og frábæru leiðsögn.“ Eftir sveinsprófið bjó Bríet um tíma í höfuðborginni en fann sig ekki þar. Hún kom aftur til Fjarðaáls 2014 og vann eitt ár sem framleiðslustarfsmaður en sótti svo um framtíðarstarf sem rafvirki. Henni var boðin staða í rafveitunni og er þar enn. Rafveitan sér um rekstur og viðhald á raforkukerfi svæðisins, þ.m.t. eftirlit og umfangsmiklar prófanir ásamt fjölda annarra aðgerða sem nauðsynlegar eru til að þjónusta hin svæðin á álverslóðinni varðandi raforku.

Bríet hefur meðal annars haldið námskeið fyrir samstarfsmenn sína. „Ég fór á vegum Alcoa til Bandaríkjanna 2017 á námskeið í kennslu á rafmagnsöryggi“, segir hún. „Þar fékk ég réttindi til að kenna rafmagnsöryggi bæði í lágsþennu og háspennu. Á þeim tímapunkti hafði ég þegar hafið kennslu í

rafmagnsöryggi fyrir nýliða á grunnnámskeiðum hjá okkur. Í dag sé ég um kennslu á öllum rafmagnsöryggisnámskeiðum fyrirtækisins, sama hvort það er grunnnámskeið fyrir nýliða eða í háspennu fyrir sjálfan rafveitustjórnann!“

Nám sem fleiri konur ættu að velja

Eins og áður sagði er Bríet eina konan í rafveitunni og hún segir það ekkert vandamál. „Ég hef alltaf átt mjög auðvelt með að „fitta inn“ með strákunum og er löngu orðin vön þessu eftir námið þar sem ég var líka alltaf eina stelpa. Meira að segja gekk það svo langt að ég var farin að segja „við strákarnir“ þegar ég talaði um bekkinn“, segir Bríet og hlær.

Ástæðan fyrir því að Bríet valdi námið var sú að námsráðgjafi hennar í grunnskóla mælti með því. „Ég hafði sagt henni að mig langaði í iðnnám en ætti svakalega erfitt með stærðfræði og vissi ekki alveg hvað ég átti að velja. Annað hvort var hún svona illa upplýst eða bara rosalega illa við mig, því nám í rafvirkjun byggist svona níutíu prósent á stærðfræði! En þó námið hafi verið erfitt var það líka mjög skemmtilegt og virkilega áhugavert og sé ég alls ekki eftir ákvörðuninni!“

Aðspurð að því hvers vegna svo fáar konur fara í rafvirkjanám segir Bríet: „Ætli það sé ekki fyrst og fremst út af áhugaleysi? Fæstar stelpur hafa áhuga á þessari tegund af iðnnámi og þessar fáu sem fara skiptast sennilega frekar jafnt á milli tré-, málm- og rafionnaðardeildar. En rafionnaður er alveg eins fyrir stelpur og stráka, rétt eins og flest öll störf. Þetta nám býður upp á svo ótrúlega marga möguleika og tækifærin eru endalaus.“



Bríet ásamt einum samstarfsfélaga sínum í rafveitunni, Matthíasi Þorvaldssyni umsjónarmanni. Bríet segir félagsskapinn það besta við að vinna í rafveitunni.

Skemmtilegt líf innan og utan vinnu

Hvað er skemmtilegast við að vinna hjá Fjarðaáli? Bríet er ekki lengi að finna svarið: „Samstarfsfélagarnir, ekki spurning! Strákarnir sem ég vinn með í rafveitunni eru algjörir snillingar og mér finnst alveg frábært að vinna með þeim. En út frá starfinu sjálfu þá eru það tækifærin til að vera stöðugt að læra eitthvað nýtt, auka hæfni og bera ábyrgð. Ég finn að það sem ég geri skiptir máli og mér er treyst fyrir krefjandi verkefnum við gríðarlega öflugan búnað. Mér finnst spennandi að vinna í svona framandi umhverfi, það eru ekki margir rafvirkjar sem vinna við 220.000 volt eins og við,“ segir Bríet kímín.

Bríet býr í Neskaupstað, þar sem hún er fædd og uppalin. „Ég hef gert nokkrar heiðarlegar tilraunir til að búa annars staðar en enda alltaf aftur heima, enda ofboðslega heimakær og vandræðalega háð foreldrum mínum! Þorri, maðurinn minn, er bæði stálsmiður og vélvirki þannig sveinsbréfin eru orðin ansi mörg á heimilinu,“ segir Bríet. „Við eigum eina litla yndislega skvísu sem heitir Dalrún Inga og varð eins árs í september.“

Um áhugamálin sín segir Bríet: „Ég býst við því að „læra heima“ teljist ekki sem áhugamál, en það hefur tekið mikinn af mínum frítíma síðustu árin. Annars eru áhugamálin lituð af því að ég er rosalega mikil pabbastelpa. Þau eru til dæmis skotveiði, stangveiði og fjórhjól en svo er tónlist og blak líka alltaf ofarlega á listanum.“

Að síðustu spyrjum við Bríeti um lífsmottóið hennar. „Það kemur frá henni mömmu en frá því að ég man eftir mér hefur hún alltaf sagt það sama við mig þegar eitthvað hefur verið erfitt eða óþægilegt. Það er: „Það kostar að vera töffari!“ Enn þann dag í dag fæ ég að heyra þetta frá henni ef ég er eitthvað að kvarta, og oftast en ekki virkar það og ég legg bara á mig það sem þarf til að ná því sem ég vill!“



Vel þarf að huga að öryggismálum þegar unnið er með rafmagn og það veit Bríet vel enda vel útbúin við sína vinnu.



Spurning augnabliksins

HVAÐA JÓLAHEFÐ ER Í UPPÁHALDI HJÁ ÞÉR?




Guðmundur Bjarnason

„Ég var með þá jólahefð heima hjá mér að setja upp stórt og mikið jólaþorp sem ég hafði sankað að mér smátt og smátt á ferðalögum um heiminn. En svo ákvað ég að hætta í fyrra og selja úr því. Þetta er fyrsta árið sem ég set það ekki upp.“



Guðmundur Sigurðsson

„Þegar ég var krakki var ekki hleypt inn í stofuna fyrr en kl. 6 á aðfangadag og mér eru minni-stæðar kúlurnar á jólatrénu sem komu frá Ameríku. Á þær var Heims um ból textinn skrifaður. Ég á enn tvær þeirra sem ég erfði frá móður minni og þær fara alltaf á jólatréð.“



Daniel Magnús B. Ásgeirss.

„Hefðin er sú að vera með aspássúpu í forrétt á aðfangadagskvöld en eitt árið gleymdist að elda súpuna og þá lagði ég til að við hefðum ostapopp í forrétt í staðinn. Ég hellti því bara í skálina sem súpan er venjulega borin fram í og það var forrétturinn þau jólin.“



Rebekka Rán Egilsdóttir

„Við drekkum heitt kakó og borðum ristað brauð með laxi eða síld í hádeginu á aðfangadag. Svo er þetta hefðbundna, alltaf matur kl. 6 en við ætlum að bregða út af hefðinni í ár þar sem ég verð að vinna á aðfangadagskvöld svo við ætlum að hafa hamborgarhrygginn í matinn í hádeginu á jóladag og opna pakkana þá um morguninn.“




Jón Tryggvason

„Það er alltaf hamborgarhryggur í matinn á aðfangadagskvöld.“




Sigurður V. Olgeirsson

„Við stórfjölskyldan hittumst alltaf og skerum út laufabrauð saman.“



Ásgeir Eiríksson

„Á aðfangadag þá förum við saman, pabbi, ég og sonur minn hringinn í bænum og heimsækjum allar systur þabba til að skila af okkur pökkum og kortum.“



Slawomir Peta

„Við borðum alltaf 12 rétti á aðfangadagskvöld.“

HVERSU VEL ÞEKKJAST ÞAU?

Nýjustu meðlimir framkvæmdastjórnar Fjarðaáls eru þau Ásgrímur Sigurðsson framkvæmdastjóri viðhalds og áreiðanleika og María Ósk Kristmundsdóttir framkvæmdastjóri ferlaþróunar, fjárfestinga og upplýsingatækni. Fjarðaálsfréttir ákváðu að kanna hversu vel þau þekkja hvort annað með því að spyrja þau nokkurra spurninga og láta þau svara sömu spurningum fyrir hvort annað.

María Ósk (37 ára)

Hvað ertu búin að vinna lengi hjá Fjarðaáli?
Ég er búin að vinna á svæðinu frá því 2005 þegar ég starfaði sem upplýsingafulltrúi hjá Bechtel við byggingaframkvæmdirnar og frá júlí 2006 hjá Fjarðaáli, fyrst í upplýsingatækni, svo í áreiðanleika og núna síðast í ferlaþróun.

Tilgáta Ása: Hún byrjaði örugglega 2006.

Hvað finnst þér skemmtilegast í vinnunni?
Mér finnst skemmtilegast að spjalla við alla þessa snillinga sem ég vinn með.

Tilgáta Ása: Vinna með fólki og hennar ær og kýr er að vinna að umbótum í hvaða formi sem það er.

Hver er menntun þín?

Tölvunarfræðingur BSc og verkefnastjóri MPM.

Tilgáta Ása: Tölvunarfræðingur og mig minnir að hún hafi verið í MH.

Hver er fjölskyldustaðan þín?

Ég er gift og á þrjú börn, 9, 6 og 2 ára.

Tilgáta Ása: Gift og á þrjú börn, tvær stelpur og einn strákr.

Ertu með leyndan hæfileika, hvern?

Ég get sungið og ég er ágætis saumakona þegar ég gef mér tíma.

Tilgáta Ása: Ef ég man rétt þá spilar hún á hljóðfæri, mig minnir flautu eða klarinett.

Hvað gerir þú til að slaka á?

Kúri með ungana mína í hálsakoti og spjalla eða les í bók. Mér finnst líka óskaplega gott að fara í yoga og synda.

Tilgáta Ása: Klárlega bókalestur held ég.

Hver er uppáhalds bókin þín?

Leitin að tilgangi lífsins eftir Viktor Frankl en hann var austurrískur geðlæknir sem lifði af helförina og dvölina í fjórum útrýmingar-búðum nasista. Bókin er mjög falleg lýsing hans á því hvernig hann komst af og hvað hann lærði undir ómannúðlegum aðstæðum.

Tilgáta Ása: Hún á örugglega margar bækur og gerir ekki upp á milli þeirra.

Hvað langar þig helst að fá í jólagjöf?

Góða bók.

Tilgáta Ása: Mig grunar að hún sé smá tækni-nörd svo það kæmi mér ekki á óvart að eitt-hvað „gadget“ væri á óskalistanum eða bók.

Ásgrímur (40 ára)

Hvað ertu búinn að vinna lengi hjá Fjarðaáli?
Ég byrjaði 28. desember 2007.

Tilgáta María: Síðan 2008 ef ég man rétt, fyrst í tækniteymi steypuskála sem um-sjónarmaður HDC, svo tæknistjóri steypu-skála og síðan ferliseigandi steypuskála.

Hvað finnst þér skemmtilegast í vinnunni?

Takast á við skemmtileg verkefni í hópi fólks og fá að vinna í alþjóðaumhverfi.

Tilgáta María: Honum finnst ábyggilega skemmtilegast að grúska í vélum eins og HDC.

Hver er menntun þín?

Rennismiður og véltækni-fræðingur.

Tilgáta María: Rennismiður og tækni-fræðingur.

Hver er fjölskyldustaðan þín?

Ég er giftur Hörpu Vilbergsdóttur og á tvo drengi, níu og þriggja ára.

Tilgáta María: Ási er giftur Hörpu og á tvo stráka.

Ertu með leyndan hæfileika, hvern?

Nei, mér var alveg sleppt þegar þeim var úthlutað.

Tilgáta María: Hann er mjög hæfileikaríkur á ærslabelg og ég held að hann sé ekki hræddur við neitt, það er mikill hæfileiki.

Hvað gerir þú til að slaka á?

Brasa í jeppabreytingum, stunda veiðar og fer í útilegur með fjölskyldunni.

Tilgáta María: Hann breytir bílum og skýtur rjúpur.

Hver er uppáhalds bókin þín?

Haynes Repair Manual for Toyota Land Cruiser (Diesel). Annars verð ég að viður-kenna að bókalestur sem afþreying höfðar frekar lítið til mín.

Tilgáta María: Ása finnst ekki gaman að lesa en kannski helst Land Cruiser handbókina.

Hvað langar þig helst að fá í jólagjöf?

Brettakanta! Annars er alltaf pottþétt gjöf að gefa mér verkfæri.

Tilgáta María: Ég myndi giska á eitthvað skotveiðidót.

Starfsfólk Fjarðaáls

ÓVENJULEG ÁHUGAMÁL

Við tókum tal af nokkrum starfsmönnum Fjarða-
áls og fengum að heyra um áhugamál þeirra



Sigurgeir Svanbergsson

*Sigurgeir er 28 ára framleiðslustarfsmaður í skautsmiðju Fjarðaáls og hefur starfað hjá fyrirtækinu síðan í mars 2015. Hann á þriggja ára dóttur og er búsettur á Eskifirði. Helsta áhugamál Sigurgeirs eru bardaga-
listir sem hann hefur lagt stund á um árabíl.*

Hvernig stóð á því að þú fórst að hafa áhuga á þessu?

Það hefur líklega byrjað eins og hjá mörgum ungum drengjum við það að horfa á ninja kvikmyndir. Ég þroskaðist bara aldrei upp úr því og áhuginn vex frekar og dafnar með hverju árinu. Ég er nú orðinn kennari og eigandi félagsins Iceland combat arts. Við erum með aðstöðu í BM Vallá húsnæðinu á Reyðarfirði og erum um 15 sem erum að æfa saman hér fyrir austan. Félagið er líka með starfsemi í Reykjavík.

Hvað er svona skemmtilegt við þetta áhugamál?

Það er mjög spennandi, gefandi og þroskandi að stunda bardagaíþróttir. Margir vilja meina að í þessu sporti sé ekkert nema ofbeldi og bara óreglu- og ofbeldisfólk sem sækist í þetta, en raunin er allt önnur. Fólk á öllum aldri lærir sjálfsaga, virðingu fyrir sjálfu sér og öðrum og svo hefur þetta svakalega góð áhrif á sjálfstraust og öryggi.

Eru einhverjir nákomnir þér sem taka þátt í áhugamálinu með þér?

Í gegnum tíðina þá hefur maður kynnst mörgum í gegnum bardagalistir og ég tel flesta sem æfa hjá mér eða kenna með mér góða vini mína. Það er enginn fjölskyldumeðlimur sem er virkur með mér í þessu áhugamáli þó ég vildi nú að flestir væru þátttakendur. En alla sem ég æfi með lít ég á sem nokkurs konar fjölskyldu þar sem það þarf að ríkja pottþétt traust og virðing þegar fólk æfir saman íþrótt sem þessa. Svo reynum við líka að hittast reglulega utan æfinga og gera eitthvað saman.



Sigrún Birna Björnsdóttir

Sigrún hefur starfað sem fræðslustjóri Fjarðaáls síðan 2011. Hún er alveg að detta í fertugt og býr á Reyðarfirði með Jóa sínum og sonunum þeirra þremur. Eitt af hennar helstu áhugamálum er kvikmyndaserían Star Wars.

Hvernig stóð á því að þú fórst að hafa áhuga á þessu?

Þetta byrjaði þegar ég var lítil en þá bjuggum við mamma og systir mín hjá ömmu og afa. Bróðir mömmu, Sjonni frændi, er þremur árum eldri en ég og við lékum okkur mikið saman. Mér þótti miklu skemmtilegra að leika með He-Man dótið hans og Legóið heldur en Barbídótið mitt. En svo átti hann líka Star Wars dót sem var toppurinn.

Eru einhverjir nákomnir þér sem taka þátt í áhugamálinu með þér?

Þegar ég eignaðist elsta son minn byrjaði ég aftur að leika mér. Ofurhetjur og ævintýraheimar áttu hug hans allan og þegar kom að því að velja myndir á föstudags- og laugardagskvöldum voru myndirnar í takti við áhugamálin. Lord of the Rings hef ég séð sennilega 40 sinnum í gegnum tíðina, flest frá Marvel margsinnis og svo auðvitað Star Wars. Þegar miðjasonurinn fæddist var tekin umferð númer tvö á öllu saman og svo í þriðja sinn með þeim yngsta.

Það hafa verið tekin ófá stjörnustríðin heima í gegnum tíðina, synirnir hafa allir átt nokkur geislasverð og þau hafa fengið að kenna á því. Það er líka heilmikið Star Wars Legó sem þeir hafa fengið og við sett saman með þeim. Mér finnst Legó algjört æði líka – reyndar

á ég einn óuppfylltan draum, mig langar ferlega mikið í stóran R2-D2 úr Legó, sá hann í búðinni í Lególandi og dauðsé eftir að hafa ekki bara skellt mér á hann. Hann fengi sko að vera í stofunni – á besta stað.

Ég á alveg eftir að taka þetta alla leið – fara í búning og mæta á sýningar og svoleiðis. Reyndar var ég einu sinni Svarthöfði á öskudaginn þegar við Sigga samstarfskona mín vorum í Sómasetrinu og gáfum krökkunum nammi fyrir söng. Þegar synir mínir komu þekktu þeir mig ekki, þá sagði ég auðvitað: I am your mother, með tilheyrandi rödd.

Hvað er svona skemmtilegt við þetta áhugamál?

Mér finnst fyrst og fremst gaman að leika mér – það þykir mér alveg nauðsynlegt og ég veit fyrir vísit að það heldur manni ungum og

toppstykkinu í lagi. Ég er algjör áhugamaðneskja um Star Wars, hef til dæmis aldrei stúderað almennilega tilbúnu tungumálin sem eru töluð í myndinni, en þau eru nokkur. Þeir allra hörðustu tala þau reiprennandi!

Það er líka ansi áhugaverð sagan á bak við Star Wars og þróun vörumerkisins í gegnum tíðina og það eru heilmikil skrif til um heimspekina og lífsgildi sem birtast í sögunni, en sjálfur lýsir George Lucas Star Wars sem sápuóperu eða geim-kúrekamynd. Það er nú blanda sem getur ekki klikkað!

Megi mátturinn vera með ykkur.



Karin Axelsdóttir

Karin er 66 ára og hefur starfað hjá Fjarðaáli allt frá árinu 2007. Hún er núna starfsmaður á rannsóknarstofu Fjarðaáls en starfaði áður í skautsmiðjunni við framleiðslu. Karin er fædd og uppalin í Lapplandi í Svíþjóð en flutti til Íslands árið 1981 með Ingólfi eiginmanni sínum. Þau eru búsett á Eiðum og eiga fimm uppkomin börn sem öll eru búsett annað hvort í Svíþjóð eða Noregi. Karin á sér fjölmörg áhugamál en eitt þeirra er kannski óvenjulegra en hin en hún hefur mjög gaman að því að búa til úrklippubækur (scrapbooking).

Hvað kom til að þú fórst að hafa áhuga á þessu?
Ég á svo mikið af ljósmyndum sem mig langaði að koma á form þannig að það væri gaman að skoða þær og njóta minninganna.

Hvað er svona skemmtilegt við þetta áhugamál?
Ég hef gaman af ljósmyndun og skapandi list. Þess vegna hef ég gaman af að „scrappa“ þar sem það sameinar þessi tvö áhugamál. Ljósmyndirnar er fullar af minningum sem

ég vil varðveita og mér finnst skemmtilegra að skoða myndir sem er búin til saga utan um. Svo eru gömlu myndirnar af börnunum mínum í misgóðum gæðum og með því að „scrappa“ í kringum þær þá tekur maður minna eftir gæðunum og þær verða bara áhugaverðari. Ég nota alls konar efni, form og fleira til að lífga upp á myndirnar. Þegar ég byrjaði á þessu gerði ég þetta í höndunum beint í bækur en núna er ég farin að gera þetta meira í tölvu og ætla svo að prenta það út og setja í bækur.

Eru einhverjir nákomnir þér sem taka þátt í áhugamálinu með þér?
Nei ég á þetta áhugamál alveg ein á heimilinu en ég hef reyndar reynt að draga dætur mínar með í þetta. Ég gaf þeim einu sinni efni í bækur, þær bjuggu til sitt hvora en ég held þær hafi ekki haldið neitt meira áfram.

Ásgrímur Guðnason

Hinn 37 ára gamli Ásgrímur býr ásamt unnustu sinni og þremur börnum í Brúarási í Jökulsárhlíð. Hann hefur starfað sem framleiðslustarfsmaður í kerskála Fjarðaáls frá árinu 2016. Ási, eins og hann er gjarnan kallaður, hefur að undanförunu vakið athygli á samfélagsmiðlinum Snapchat þar sem fólk getur fylgst með frækilegum afrekum hans á hinum ýmsu sviðum þar sem gamansemi ræður oftast för. Hann er nú með um 2500 fylgjendur á miðlinum sem er orðinn að sérstöku áhugamáli hjá honum. Þeir sem vilja fylgjast með ævintýrum Ása geta fundið hann á snappinu undir notendanafninu asigudna.

Hvernig stóð á því að þú fórst að hafa áhuga á þessu?
Mig vantaði eitthvað að gera í vaktatríunum þegar allir aðrir í fjölskyldunni eru í skóla og vinnu. Við slíkar aðstæður getur maður orðið eirðarlaus í sveitinni og þá datt mér í

hug að fara að grínast aðeins á snappinu og það vatt síðan upp á sig.

Hvað er svona skemmtilegt við þetta áhugamál?
Ég hef gaman að því að koma fimmaura-húmornum mínum frá mér og finnst alltaf jafn skemmtilegt hvað það eru margir sem nenna að fylgjast með því. Svo er þetta bara einstaklega þægilegt áhugamál og tekur stutta stund.

Eru einhverjir nákomnir þér sem taka þátt í áhugamálinu með þér?
Nei, ekki þannig séð en betri helmingurinn og börnin hafa hjálpað mér þegar mig hefur vantað aðstoð. Til dæmis þarf elsta dóttir mín ósjaldan að halda á símanum fyrir mig og þá tókst mér að plata pabba með mér í smá grín ekki fyrir löngu síðan. Ég setti það atriði líka á Facebook síðuna mína og það vakti mikla athygli. Ég sagði pabba að svona í mesta lagi 300 manns myndu sjá þetta en áhorfin eru komin yfir 50 þúsund sem er ansi skemmtilegt!



Davíð Logi Hlynsson

Davíð er 36 ára vélvirki í ástandsgreiningarteymi Fjarðaáls. Hann hefur starfað hjá fyrirtækinu síðan 2013 en var þar á undan að starfa fyrir verktaka á lóðinni svo hann hefur verið viðloðinn Fjarðaál frá árinu 2010. Davíð Logi býr á Egilsstöðum ásamt Valdísi Vöku og tveimur börnum þeirra. Davíð hefur gífurlegan áhuga á torfæru og öllu sem henni tengist.

Hvernig stóð á því að þú fórst að hafa áhuga á þessu?
Ég er búinn að vera með bíla- og tækjadellu síðan ég man eftir mér og búinn að elta torfærukeppnir með pabba síðan ég var krakki. Svo þegar einn ef mínum bestu vinum fékk þá virkilega vondu hugmynd að kaupa torfærubíl fyrir um það bil 10 árum þá var ekki aftur snúið. Síðan þá hafa sumarfríin verið skipulögð út frá torfærukeppnum og stór hluti frítímans farið í að undirbúa torfærubílinn fyrir næstu keppni.

Hvað er svona skemmtilegt við þetta áhugamál?
Það er bara svo ótrúlega margt. Skemmti-

legast er auðvitað þegar vel gengur í keppnum og svo eru það félagsskapurinn og ferðalögin. Þetta er liðsþrótt þó það sé bara einn sem keyrir bílinn - það hefur nefnilega enginn unnið á biluðum bíl. Við erum fjórir sem erum mest í að græja bílinn fyrir keppnir. Svo bætist í þann hóp á keppnum og ætli við séum ekki oftast sjö til átta á þeim. Þar fyrir utan hef ég kynnst alveg helling af snillingum alls staðar að á landinu. Þessa dagana erum við félagarnir að smíða nýjan bíl og ég held að það muni gera þetta enn þá skemmtilegra að vera með bíl sem við höfum smíðað sjálfir alveg frá grunni. Þetta er áskorun fyrir okkur og hægt að fylgjast með ferlinu inn á Facebook síðunni okkar, Refurinn Racing.

Eru einhverjir nákomnir þér sem taka þátt í áhugamálinu með þér?
Hópurinn sem stendur á bak við þessa útgerð (Refurinn Racing) er auðvitað orðinn frekar nákominn manni eftir allan þann tíma sem við höfum verið saman í viðgerðum og á ferðalögum. Svo er það pabbi, hann hefur ekkert læknað af þessari torfærudellu síðan ég var polli og hann afrekaði að keppa tvisvar sinnum í torfæru. Það er eitthvað sem ég á eftir og næ vonandi að gera einn góðan veðurdag.



Dagný Björk Reynisdóttir

Dagný hefur starfað sem umhverfissérfræðingur hjá Fjarðaáli frá 2009. Að hennar mati er aldur afstæður en hún viðurkennir þó að vera nýlega orðin 44 ára. Dagný og eiginmaður hennar Birgir, sem einnig starfar hjá Fjarðaáli, búa á Reyðarfirði og eiga saman tvo drengi sem eru ekki lengur börn í augum laganna. Dagný ástundar, lærir og kennir jóga allt árið um kring og rennir sér svo líka á snjóbretti þegar aðstæður leyfa. Þessi áhugamál hafa leitt af sér verslun á Reyðarfirði og á vefnum sem selur snjóbrettavörur og -fatnað auk þess sem Dagný kennir jóga í sama húsnæði og þau reka verslunina þannig að hún sannarlega blandar þessum ólíku áhugamálum saman á skemmilegan hátt.

Hvernig stóð á því að þú fórst að hafa áhuga á þessu?
Þetta gerðist á svipuðum tíma, að áhuginn á jóganu og brettinu kviknaði. Ég var á skíðum, alls ekki góð, slumpaðist niður brekkurnar án þess að lenda í miklum skakkaföllum, á meðan aðrir í fjölskyldunni stungu mig af á brettunum. Ég var búin að ákveða að á bretti stigi ég ekki því þetta væri svo mikið vesen og ég bara of gömul fyrir slíkt. En svo fór mér að leiðast á skíðunum og það kom að því að ég skildi þau eftir heima þegar ég fór með krakkana í æfingarferð erlendis og bara lærði á bretti, undir leiðsögn þó! Þetta var rétt eftir fertugsafmælið og mig langaði að stíga út fyrir kassann. Rétt um ári seinna skráði ég mig í jógakennaranám en þá var ég búin að vera í umtalsverðri sjálfsvinnu. Ég hafði ekki stundað jóga að ráði þegar þetta var. Ég fór því aftur út fyrir kassann. Það fór svo að ég gat ekki hætt og er enn í námi og kenni líka á Reyðarfirði.

Hvað er svona skemmtilegt við þetta áhugamál?
Að læra á snjóbrettið var frelsandi fyrir mig og gaf mér aukið sjálfstraust þegar ég áttaði mig á því að ég gat þetta alveg en fyrir fram hafði ég ákveðið að ég gæti þetta ekki. Jóga hjálpar mér almennt í öllu mínu lífi, því það snýst ekki bara um að gera æfingar á dýnu. Jóga breytti viðhorfi mínu til lífsins og annarra og gerir mig að betri manneskju.

Eru einhverjir nákomnir þér sem taka þátt í áhugamálinu með þér?
Öll fjölskyldan er á snjóbrettum, þó að ég hafi ekkert í við hina fjölskyldumeðlimina í brekkunum enn þá. En þarna erum við með eitthvað sem sameinar okkur. Ég er sú eina sem ástundar jóga svona opinberlega en ég held að í fjölskyldunni leynist fleiri jógar, þeir eiga bara eftir að brjótast í gegnum skelina, en það tók mig um 20 ár að uppgötva þetta í mér!

Inga Lára Ásgeirsdóttir

BÓKAORMUR FJARÐAÁLS

Bókaormurinn Inga Lára, skjalastjóri hjá Fjarðaáli, fjallar um bækurnar í lífi sínu

Það er fátt meira viðeigandi en að fjalla um bækur í aðdraganda jóla og því ákváðum við að fá bókaorminn Ingu Láru Ásgeirsdóttur, skjalastjóra hjá Fjarðaáli, til að fjalla um bækurnar í lífi sínu. Inga Lára er búin að vera í bóka-klúbbnum Ljúðmílurnar í fjögur ár og segir þátttökuna hafa leitt til þess að hún les mun fjölbreyttari bækur en hún gerði. Áður hafi hún aðallega lesið glæpareyfara. Inga Lára hefur starfað hjá Fjarðaáli síðan 2006 og býr á Reyðarfirði ásamt 16 ára dóttur sinni.

Hvaða bók ertu að lesa?
„Núna er ég að lesa bókina Dagbók góðrar grannkonu eftir Doris Lessing. Hún er um konu sem hugsaði fyrst og fremst um sjálfa sig og eigin frama en kynnist svo gamalli konu og fer þá að líta öðrum augum á lífið og tilveruna. Mér finnst þetta ágæt bók en nokkuð langdregin. Ætla samt að klára.“

Hver er síðasta bók sem þú last?
„Síðasta bók sem ég las var Tvær gamlar konur eftir Velma Wallis. Yndisleg bók um eskimóakonur sem ættflokkurinn ákveður að séu baggi á samfélaginu og skilur þær eftir til að deyja. Mjög vel skrifuð bók og svo auðvelt að upplifa aðstæðurnar með gömlu konunum sem taka málin í sínar hendur og uppgötva að þær geta meira en þær héldu.“

Hver er uppáhaldsbókin þín?
„Ég á margar uppáhaldsbækur en mig langar að nefna sérstaklega bókina Taktu til í lífi þínu eftir Marie Kondo – hún hafði ótrúlega jákvæð áhrif á mig þegar ég las hana, a.m.k. hugmyndafræðin sem hún boðar. Það er svo frelsandi að geta losað sig við hluti og dót sem veita manni litla sem enga ánægju en safnast bara fyrir í öllum skúmaskotum heimilisins.“

Hver var uppáhalds bókin þín þegar þú varst barn?
„Uppáhaldsbókin mín þegar ég var barn var Pollýanna eftir Eleanor H. Porter (ásamt bókunum um Önnu í Grænuhlíð).



Pollýönnu las ég nokkuð oft, það var eitthvað við það að lesa um þessa stelpu sem var alltaf svo glöð og kát og gat fundið eitthvað jákvætt við allt og alla, sama hvað á dundi. Ætti kannski að lesa hana aftur og athuga hvernig mér líst á hana í dag“

Hvaða bók er efst á óskalistanum þessi jólin?
„Stórt er spurt! Mjög ofarlega eru bækurnar Fléttan eftir Laetitia Colombani og svo nýju bækurnar eftir Bennýju Sif Ísleifsdóttur, Jólasveinarannsóknin og Gríma.“



Ester og Patrick Boateng

ALDREI FUNDIÐ FYRIR FORDÓMUM Á REYÐARFIRÐI

Ester og Patrick Boateng starfa bæði í steypuskála Fjarðaáls og hafa komið sér vel fyrir á Reyðarfirði með fjölskyldu sinni. Þau giftu sig í sumar sem leið og hamingjan skín af þeim.

Ester Boateng flutti til Reyðarfjarðar fyrir níu árum og ætlaði bara að stoppa í eitt ár á meðan hún hugleiddi næstu skref í lífi sínu. Hún ólst upp á Raufarhöfn og þegar foreldrar hennar fluttu til Reyðarfjarðar til að vinna í álverinu ákvað hún að breyta einnig til og flutti með þeim. Hún var þá hætt með barnsföður sínum og hafði þurft að láta af hendi tvo drengi sem hún hafði gengið í móðurstað en átti ekki tilkall til þar sem hún var ekki líffræðileg móðir þeirra. Henni fylgdi þó yngsti sonur þeirra hjónanna sem þau Ester eignuðust saman.

Á þessum tímapunkti, árið 2010, var Ester nýbúin að kynnst Patrick Boateng í gegnum sameiginlega vini í Reykjavík en hann bjó þar. Eins og stundum gerist þegar ástin grípur fólk þá ákvað Patrick að elta hana alla leið til Reyðarfjarðar og hefur aldrei séð eftir því. Þau giftu sig í sumar sem leið og eiga saman fimm ára gamlan son, Jordan Tómas.

Frá Gana til Keflavíkur

Patrick er frá Afríkulandinu Gana en flutti hingað til lands þegar hann var 16 ára gamall ásamt móður sinni og stjúpföður. Sá er íslenskur en bjó um tíma í Gana vegna starfs síns og kynntist þá móður Patricks. Fjölskyldan flutti til Keflavíkur og Patrick viðurkennir að það hafi verið mikil viðbrigði að koma frá heita landinu Gana til kalda landsins í norðri: „Þetta vandist samt fljótt og mér leið strax vel hér á Íslandi, fyrir utan þegar páskarnir komu. Þá fór ég að gráta og vildi bara fara aftur heim. Páskarnir eru stórhátíð í Gana, það er tónlist á hverju götuhorni og þetta er bara risastór hátíð. Fólk sem fer gift á hátíðina er kannski skilið þegar það kemur heim“, segir hann og hlær.

Er tónlistin í blóð borin

Tónlist hefur alltaf verið hluti af tilveru Patricks og hann hlustar mikið á tónlist frá sínu heimalandi sem hann lýsir sem mikilli danstónlist: „Það langar alla að dilla sér þegar þeir heyra tónlistina frá Gana.“ Þegar Patrick bjó í Reykjavík hóf hann feril sem tónlistarmaður ásamt vinum sínum. Þeir voru í nokkurs konar rappsveit sem kallaðist „Blackstar“ og hægt er að fletta upp á þeim á YouTube og hlusta þar á lög með sveitinni. Þeir voru orðnir ansi vinsælir í ákveðinni tónlistarkreðsu í Reykjavík og voru mikið spilaðir á X-inu. En það fór að halla undan fæti þegar einn meðlimur sveitarinnar var sakaður um nauðgun og eftir það slitnaði upp úr samstarfinu. Patrick, sem kallaði sig á þessum tíma „African Child“, hélt þó áfram að vinna við tónlist en á öðru sviði. Hann hafði meiri áhuga á að koma fram sem DJ en sem rapplistamaður og kallar sig DJ Max. Hann treður stundum upp á Reyðarfirði en segir að það hafi verið meira að gera hjá honum á þessum vettvangi þegar hann bjó í Reykjavík. „Ég sakna stundum Reykjavíkur af því að það var meira um að vera þar. Þar var ég að koma fram sem DJ allar helgar en hér eru færri tækifæri“, segir Patrick en tekur þó fram að honum líði vel á Reyðarfirði og sé ekki á þeim buxunum að flytja í burtu.

Fjölskyldan í steypuskálanum

Eftir að Patrick ákvað að taka stökkið og elta ástina til Reyðarfjarðar fékk hann vinnu í steypuskála Alcoa Fjarðaáls en þar var Ester að vinna fyrir ásamt foreldrum sínum. Ester vinnur á B vakt, Patrick á E vakt og foreldrar Esterar, þau Hulda Garðarsdóttir og Tómas Sigurðsson eru bæði á C vaktinni. Þá vinnur bróðir Esterar á höfninni hjá Eimskip og báðar systur hennar unnu um tíma í kerskálanum.

Hvernig skyldi það vera þegar fjölskyldan kemur saman, er þá mikið talað um vinnuna? „Já, óhjákvæmilega,” svarar Ester. „En við reynum samt að passa okkur að hafa vinnuna í vinnunni og tala um eitthvað annað þegar við hittumst fjölskyldan, en það er stundum erfitt. Vinnan er stór hluti af okkur öllum og stundum gaman að bera saman bækur okkar.“ Þar sem við erum að tala um fjölskylduna berst talið að erfiðasta tíma í lífi Esterar, þegar hún þurfti að láta tvo drengi sem hún leit á sem syni sína frá sér. Eins og áður sagði átti hún ekki tilkall til þeirra þegar hún sleit samvist- um við föður þeirra: „Ég var aðeins 16 ára gömul þegar ég gekk þessum strákum í móðurstað. Þá tók ég upp samband við pabba þeirra en við bjuggum bæði á Raufarhöfn á þess- um tíma. Móðir þeirra var ekki inni í myndinni og var búin að afsala sér öllum rétti til að hafa af þeim afskipti. Þegar ég kom til sögunnar voru strákarnir eins árs og þriggja ára.“

Hékk í slæmu sambandi fyrir börnin

Aðstæðurnar gerðu það að verkum að Ester þurfti að full- orðnast hratt og ábyrgðin var mikil. Hún eignaðist síðan son sinn Garðar Antonio með manninum þegar hún var 20 ára en sambandið gekk ekki upp: „Þetta var erfitt samband og tók mikið á mig bæði andlega og líkamlega. En ég pínði mig til að vera í sambandinu mun lengur en ég vildi vegna drengj- anna. Ég vissi alveg að ég myndi missa eldri strákana úr lífi mínu ef ég færi frá honum og það gat ég ekki hugsað mér.“ Það kom þó að því að Ester varð að slíta sambandinu. Hún er með forræði yfir yngsta stráknum sem þau eignuðust

Frá vinstri: Vivien mamma Patricks, Esther frænka hans, Garðar, Alexander næstelsti sonur Esterar, Jordan yngsti sonurinn, Ester, Patrick og Linda systir Patricks. Elsti sonur Esterar, Ernesto, komst ekki til að vera með þeim á brúðkaupsdaginn.



saman og hefur Patrick gengið honum í föðurstað. Eldri drengirnir voru átta og tíu ára á þessum tíma og fluttu með pabba sínum til Akureyrar. Ester reyndi eins og hún gat að halda sambandi við drengina og tókst stundum að fá það í gegn að fá þá í heimsókn til sín. Strákarnir eru orðnir ung- lingar í dag, 17 og 19 ára og hún er í góðu sambandi við þá: „Þeir hafa alltaf litið á mig sem mömmu sína og núna eru þeir orðnir svo stórir að þeir geta komið sjálfir í heimsókn. Sá yngri var í brúðkaupinu okkar í sumar en sá eldri komst því miður ekki. Þessi yngri stefnir á að koma fljótlega aftur til okkar og helst vera hjá okkur í einhvern tíma. Það er mér mjög dýrmætt að hafa náð að halda þessum tengslum við þá.“

Heyrði nafnið sitt á flugvellinum

Víkur nú sögunni aftur að Patrick og þeim breytingum sem urðu á hans lífi þegar hann var unglingur: „Ég var mikill ömmustrákur og bjó mest hjá henni sem barn. Pabbi minn bjó annars staðar en samband þeirra mömmu gekk ekki upp. En föðuramma mín bjó í sömu borg og við mamma og ég ólst að hluta til upp hjá henni. Það erfiðasta við að fara frá Gana var að fara frá henni. Hún er enn á lífi en orðin fjörgömul. Við höldum enn góðu sambandi og tölum saman í síma.“ Patrick segir að sú mynd sem hann upplifir að Íslendingar hafi af heimalandi hans sé mjög bjöguð og oft á tíðum röng: „Margir Íslendingar halda að Afríka sé bara eitt land og það sé eins og þeir sjá í sjónvarpinu, ekkert nema fátækt og eymd. En Afríka er alls konar, samsett af mörg-

Ester með þremur sonum sínum og foreldrum sínum þeim Huldu og Tómasi



Falleg og vel klædd fjölskylda á brúðkaupsdaginn 25. ágúst s.l. Ljósmyndir í brúðkaupinu tók KOX ljósmyndari.

um ólíkum löndum og menningarheimum. Bærinn sem ég bjó í var mun stærri en það samfélag sem ég bý í núna í dag, en samt engin risaborg.“ Þegar mamma Patricks ákvað að flytja til Íslands ásamt íslenskum eiginmanni sínum og yngri systur Patricks ákvað hann að fara með. Hann segir að hon- um hafi brugðið mjög í brún þegar hann kom á flugvöllinn og heyri gælunafnið sitt út um allt en það hljómar alveg eins og „já“ borið fram á íslensku.

Finnur ekki fyrir fordómum

En hvernig skyldi Patrick sem sannarlega sker sig úr fjöld- anum á Íslandi vegna litaraftsins upplifa samfélagið hvað það varðar? „Ég finn aldrei fyrir neinum fordómum hérna á Reyðarfirði og hef bara sem betur fer eiginlega aldrei upp- lifað slíkt hér á landi. Vissulega er stundum verið að grínast eitthvað með þetta í vinnunni en ég er mjög skýr varðandi mörk þar að lútandi og læt fólk hiklaust vita ef mér finnst það ganga of langt. En þetta er aldrei af illum ásetningi, eða ég hef ekki upplifað það þannig“ segir Patrick. Ester segist einu sinni hafa upplifað fordóma en þá var hún stödd

á kassa í verslun í Reykjavík með eldri strákinn sinn á handleggnum. Pabbi hans er einnig hörundsökkur svo strákurinn er dökkur á hörund. Í röðinni á eftir Ester var eldri kona sem horfði með fyrirlitningu á barnið og sagði svo stundarhátt við Ester að hún aðhylltist greinilega dýraklám. Ester segir að sér hafi verið svo illa brugðið að hún hafi bara ekki haft rænu á að bregðast við með þeim hætti sem hún hefði viljað. Hún kláraði bara viðskipti sín og fór. Henni finnst ótrúlegt til þess að hugsa að fólk geti verið svona grimmt gagnvart öðrum manneskjum.

Gleðidagur

Líkt og áður var komið inn á þá giftu þau Ester og Patrick sig í sumar, þann 25. ágúst, að viðstöddu fjölmenni í Valhöll á Eskifirði. Þau segja að brúðkaupsundirbúningurinn hafi tekið nokkuð á, enda að mörgu að huga og að þau hafi verið nokkuð stressuð með að öllu yrði lokið í tíma. En með hjálp frá vinum og vandamönnum þá tókst að koma öllu heim og saman fyrir stóra daginn. „Þetta var stór- kostlegt“, segir Ester. „Þetta heppnaðist svo vel og var svo gaman. Við giftum okkur í veislunni, hann Hólmgrímur sem starfar í mannauðsteymi Fjarðaáls gaf okkur saman og svo skemmtum við okkur fram á rauðanótt með okkar nán-ustu.“ Aðspurð hvort eitthvað af fjölskyldu Patricks hefði komið frá Gana segja þau svo ekki hafa verið. Þetta er svo langt og dýrt ferðalag. En þau Ester og Patrick dreymir um að fara saman með drengina sína til Gana til að kynna þá fyrir hefðum og menningu landsins hans Patricks. Með þessa drauma í huga kveðjum við þessa fallegu fjölskyldu og heyrum í fjarska trumbusláttinn hljóma í tónlistinni hans Patricks.

Afslöppuð í stofunni heima með strákunum sínum, þeim Jordan og Garðari.





ÁRLEG JÓLASKEMMTUN

Jólatrésskemmtanir Starfsmannafélagsins
Sóma eru orðar ómissandi þáttur í jólahaldi margra
fjölskyldna. Myndirnar hérna eru frá fyrri skemmtuninni
sunnudaginn 2. desember en seinni skemmtunin fór fram
16. desember. Að vanda voru piparkökuhús frá Lostæti
skreytt með góðgæti, Fjarðadætur sungu jólalög af alkunnri
snilld, forstjóri Fjarðaáls stjórnaði jólabingói af mikilli
röggsemi og jólasveinar sem höfðu villst til byggða
gengu um gólf.





Páll Freysteinsson

NÝ VIRKJUN Í EYÐIFIRÐI

Í Viðfirði hefur fjölskyldan sem er ættuð þaðan unnið að því í nokkur ár að gera upp ættaróðalið og nú hefur bæst við virkjun

Viðfjörður er einn af þremur fjörðum sem gengur inn úr Norðfjarðarflóa, hinir eru Norðfjörður og Hellisfjörður. Lengi vel var byggð í Hellisfirði og Viðfirði og út með flóanum að sunnanverðu en allir þessir bæir fóru í eyði fyrir mörgum árum. Í Viðfirði hefur fjölskyldan sem er ættuð þaðan unnið að því í nokkur ár að gera upp ættaróðalið. Sá sem hefur leitt þessa vinnu á seinni árum og er einn af eigendum hússins, sem stendur tignarlegt í Viðfirðinum, er Páll Freysteinsson framkvæmdastjóri umhverfis-, heilsu- og öryggismála auk rannsókna hjá Alcoa Fjarðaáli.

Páll hóf störf hjá fyrirtækinu árið 2007 sem framkvæmdastjóri upplýsingatækni- og sjálfvirknimála en tók við núverandi stöðu árið 2014. Hann er búsettur í Neskaupstað ásamt konu sinni Jóhönnu B. Jónsdóttur en þau eyða eins miklum tíma og þau geta í Viðfirði. Þar hafa þau ekki aðeins staðið fyrir viðtækum endurbótum á gamla húsinu heldur hefur Páll nú virkjað bæjarlækin og leitt rafmagn heim að húsinu. Þau hjónin eiga þrjár dætur og fimm barnabörn, fjóra drengi og eina stúlku sem er yngst. Páll lýsir þeirri stuttu sem miklum sköruni: „Hún er með þá hæfileika að geta stjórnað öllum hópnum ef sá gállinn er á henni“

Ættaróðalið í Viðfirði
En hver er tenging Páls við Viðfjörð? „Föðurfjölskyldan er frá Viðfirði, margar kynslóðir aftur í tímann. Landsnámsmaður í Viðfirði var Freysteinn nokkur og bar hann viðurnefnið hinn fagri. Hann er ekki pabbi minn, en þaðan kemur Freysteinsnafnið.“ Faðir Páls var fæddur í Viðfirði og bjó þar með móður sinni og systkinum þar til hann var tvítugur en þá fór byggð í firðinum í eyði.

Í Viðfirði er stórt og mikið steinsteypt hús sem byggt var árið 1930 eftir teikningum Guðjóns Samúelssonar, fyrrum húsasmíðameistara ríkisins. Húsið stóð autt frá því að

byggð lagðist af í firðinum árið 1955 og var í mikilli niðurníðslu þegar fjölskylda Páls ákvað að gera það upp. Þá voru faðir hans og föðurbræður í fararbroddi verkefnisins. Unnin höfðu verið spjöll á húsinu, rúður brotnar og fleira. Árið 1989 hófst starf við enduruppbyggingu til að bjarga þessu glæsilega húsi og færa það aftur í sína upprunalegu mynd. „Í fyrstu var hugmynd þeirra Viðfjarðarbræðra að gera húsið að minnsta kosti vind- og vatnshelt“, segir Páll og bætir við: „Síðan þá hafa menn ekki getað stoppað og nú er húsið komið í toppstand. Margir hafa lagt hönd á plóg og á hverju ári er eitthvað verið að stússa, betrumbæta, laga og bæta við.“

Krókslækurinn virkjaður
Það eru orð að sönnu að lengi má gott bæta en þegar húsið var komið í gott ásigkomulag ákvað Páll að ráðast í að virkja læk í Viðfirði og leiða rafmagn í húsið svo hægt væri að halda húsinu heitu allt árið um kring og tryggja góða varðveislu þess. En hvernig datt Páli í hug að fara í svona risastórt verkefni inni í eyðifirði? „Stutta svarið er einfalt“, segir Páll. „Ég lét þessi orð falla á teymisfundi með upplýsingatækniteymi Fjarðaáls fyrir nokkrum árum. Þá vorum við að setja okkur persónuleg markmið og ég lét þetta markmið á blað og tilkynnti hópnum. Þar með var ekki aftur snúið. Konan mín segir að ég sé svo galinn að ef ég bít eitthvað í mig þá komist ekkert annað að fyrr en það er klárað!“

Páll segir að framkvæmd þessa flókna verks hafi gengið ótrúlega vel: „Auðvitað er að mörgu að huga við svona framkvæmd en það sem skiptir mestu máli er góður undirbúningur. Krókslækur reyndist henta vel til virkjunar. Þar er góð fallhæð og alltaf nóg af vatni, jafnvel í mikilli þurrkatíð“, segir Páll. Verkið hófst í september 2017 og gangsetning virkjunarinnar var í byrjun júlí 2018. „Smávægileg vandamál

woru í byrjun en þau leystust öll fljótt og hefur virkjunin mal- að vel og staðist væntingar. Nú er aðeins eftir minni háttar frágangur.“ En hvernig gekk að koma aðföngum á staðinn? „Vegurinn í Viðfjörð er þokkalegur og mest af aðföngum voru flutt landleiðina“, upplýsir Páll.

Hvernig byggja skal virkjun

Samkvæmt Páli eru helstu verkþættir við það að byggja virkjun að útbúa inntakslón, sjóða saman vatnslögn og koma henni að stöðvarhúsi. Vatnslögnin fyrir virkjunina í Viðfirði er grafin í jörð og er um 470 metra löng. Fallhæðin er um 100 metrar og rennslið um 20 lítrar á sekúndu. Stöðvarhúsið er um það bil sjö fermetrar og er grunnurinn steyptur á klöpp niður við sjávarmál. „Lögd var áhersla á að laga allt rask á landi og ganga vel frá þannig að engin umhverfisspjöll verði sjánanleg þegar gróður nær að jafna sig eftir framkvæmdina“, segir Páll.

Rafallinn og túrbínan í virkjuninni er sambyggð eining og var hún flutt inn frá ítölsku fyrirtæki sem heitir IREM. Með fylgdu allar stýringar sem tryggja að búnaðurinn getur séð um sig sjálfur svo vikum eða mánuðum skiptir. Framleiðslugeta virkjunarinnar er 14 KW, þriggja fasa rafmagn. „Þessi orka dugar til að halda húsinu vel heitu og ekki hafa verið nein vandamál í þeirri kuldatíð sem hefur verið upp á síðkastið“, útskýrir Páll.

Frá litla stöðvarhúsinu liggur 850 metra þriggja fasa kapall heim í íbúðarhús. Kapallinn er grafinn í jörð og Páll viðurkennir að það hafi verið ansi krefjandi verkefni að leggja hann yfir ána sem þverar fjörðinn. Sú framkvæmd átti sér nefnilega stað í mestu vatnavöxtum sem Páll hefur upplifað á þessu svæði og úrkoman var gífurleg. „Við þessar framkvæmdir var með mér mikill snillingur á beltagröfu, Norðfirðingur auðvitað, að nafni Einar Sveinn. Ég hef bara ekki kynnst öðrum eins tækjasmillingi“, segir Páll kíminn og bætir við: „Ég fékk ómetanlegan stuðning frá ýmsum velunnurum og er ég ævinlega þakklátur öllum þeim sem lögðu mér lið. Það var sama hvert ég leitaði, ég fékk alls staðar aðstoð og góða hjálp.“

Orðið heilsárshús

Nútíma Íslendingurinn er orðinn svo vanur því að hafa rafmagn þar sem hann dvelst að það er erfitt að ímynda sér lífið án þess. Páll segir að mikilvægasta breytingin sem fékkst með því að koma rafmagni á húsið sé að það sé nú orðið að heilsárshúsi sem hægt er að koma og dvelja í heitu allt árið um kring. „Eins fylgja rafmagni ýmis nútímaþægindi eins og ísskápur og fleira sem við eigum að venjast í daglegu lífi.“

En það er forvitnilegt að spyrja Pál hvort þetta hafi virkilega gengið svona smurt að koma upp þessari virkjun, skyldi ekkert hafa komið upp á? „Jú, jú ýmislegt skemmtilegt



Barnabarnið Emil Páll virðir fyrir sér uppistöðulón virkjunarinnar

gerðist“, svarar Páll og hlær við þegar hann rifjar upp þessar minningar. „Það er eftirminnileg ein helgin sem við Hanna vorum í Viðfirði ásamt tengdasyni og litla gaurnum hans. Þarna vorum við að byrja að slá upp fyrir grunninum að stöðvarhúsinu en það rigndi látlaust alla helgina. Það var ekki hundi út sigandi og engar kjöraðstæður til uppsláttar. En það var þó ekkert annað að gera en að halda áfram að smíða því við lokuðumst inn í firðinum vegna flóða og vegurinn var ófær í nokkra daga, en engum varð meint af volkinu.“

Fer í Viðfjörð „til að gera“

Páll viðurkennir að það sé annað eftirminnilegt atvik frá þessum tíma en það reynist ómögulegt að veiða það upp úr honum. „Það átti sér stað ansi skondið atvik í fyrsta skipti sem við hleyptum vatni á vatnslögnina að túrbínu. Þeir voru með mér við þessa aðgerð, Tóti föðurbróðir og Snorri leiðtogi í skautsmiðju. En þar sem eru strangar reglur um trúnað vegna þess sem gerist í Viðfirði mun ég ekki greina frá þessu mjög svo skondna atviki“, segir Páll og skellihlær við minninguna.



Páll Freysteinnsson í Viðfirði

Páll segir að ástæða þess að hann hafi ráðist í þessa virkjunarframkvæmd sé óbilandi áhugi á að halda uppbyggingu áfram á þessum stað sem er honum svo kær. „Mér finnst ég eiga þarna sterkar og góðar rætur og mér líður aldrei betur en eftir gott dagsverk í Viðfirði í góðum félagsskap. Ég fer sjaldan í Viðfjörð bara til að vera, ég fer í Viðfjörð til að gera.“



Nám starfsmanna

STUÐNINGUR VIÐ MENNTUN STARFSMANNA HJÁLPAR FYRIRTÆKINU AÐ VAXA

Auk Stóriðjuskólans styður Alcoa Fjarðaál við starfsmenn sem stunda nám, einkum í iðn- og tæknigreinum

Á öðrum stað í Fjarðaálsfréttum er fjallað um Stóriðju-skóla Fjarðaáls en þaðan hafa 100 starfsmenn lokið grunnnámi í stóriðju og 25 að auki munu ljúka því í vor. Auk Stóriðjuskólans styður Alcoa Fjarðaál við starfsmenn sem stunda nám, einkum í iðn- og tæknigreinum.

Við spurðum Sigrúnu Birnu Björnsdóttur, fræðslustjóra Fjarðaáls, að því hversu margir starfsmenn hefðu lokið háskólanámi á meðan þeir voru í vinnu hjá fyrirtækinu. „Frá því fyrirtækið tók til starfa hafa í kringum 100 starfsmenn fengið einhvers konar styrk til náms, annað hvort lítinn til dæmis diplómunám, eða verið iðnnemar, iðnfræðinemar eða háskólanemar.“

Hvers vegna leggur fyrirtækið sig fram við að hvetja starfsmenn til náms? „Það er gott að styðja við starfsmenn sem vilja styrkja sig í starfi, það eflir starfsmennina sjálfa og hjálpar fyrirtækinu að vaxa. Iðn- og tækni-menntun er fyrirferðarmest hvað varðar námsstyrki, enda er landlægur skortur á fólki með slíka menntun“, segir Sigrún Birna.

Hér er rætt við tvo starfsmenn sem núna stunda háskólanám með starfi hjá Alcoa Fjarðaáli.

Í meistaranámi við háskólann í Manchester

Birna Ingadóttir er 33 ára og starfar sem áreiðanleikasérfræðingur í gagnavinnslu hjá Fjarðaáli. Hún er jafnframt í meistaranámi í áreiðanleika- og eignastjórnun (Reliability Engineering and Asset Management) við University of Manchester en þangað hafa fleiri starfsmenn Fjarðaáls leitað í nám með góðum árangri.

Fyrra nám leiddi til áhuga á stóriðju og framleiðslu

Birna segist vera Hafnfirðingur í húð og hár og að megnið af stórfjölskyldunni hennar búi þar en hún kann vel við sig á Reyðarfirði þar sem hún býr ásamt börnunum sínum, Ásu Margréti, 8 ára og Símoni, 7 ára. Hún sá spennandi auglýsingu um starf áreiðanleikasérfræðings í viðhaldi hjá Fjarðaáli. „Ég taldi að styrkleikar mínir myndu njóta sín vel á því sviði. Eina „smáatriðið“ var að ég þekkti lítið til viðhalds og vélbúnaðar en ég hef lært helling á þessum þremur árum og er nú að vinna í að bæta við mig enn meiri þekkingu.“ Birna var ráðin og hóf störf í september 2015.

Eftir stúdentspróf frá Ví reyndi Birna við sig í ýmsum fögum við háskóla og byrjaði t.d. í efnaverkfræði. „En mig skorti þolinmæðina sem þarf við störf á tilraunastofu!“ Áður en Birna kom til Fjarðaáls hafði hún lokið BSc gráðu í rekstrarverkfræði og 60 einingar í meistaranámi í iðnaðarverkfræði, og hún segir að námið hafi komið sér vel. „Ég hafði lært gagnavinnslu og ákveðna aðferðafræði við greiningu vandamála og ferla sem hefur nýst vel í starfi. Ég kynntist einnig álframleiðsluferlinu nokkuð vel í áfanga sem kallast „Orkufrek framleiðsluferli“ og hann kveikti í raun áhuga hjá mér á stóriðju og framleiðslu.“

Námið sérsniðið að starfinu

Hvernig stóð á því að Birna ákvað að fara í þetta nám? „Næsti yfirmaður minn, Gísli Gylfason, benti mér á það og hvatti mig til að sækja um. Ég hef í raun fengið hvatningu og stuðning allt í kringum mig, bæði frá samstarfsfélögum og yfirmönnum.“ Birna valdi þó námið fyrst og fremst vegna þess að það er mjög hagnýtt og í raun sérsniðið að störfum hennar sem áreiðanleikasérfræðingur. „Ég er tiltölulega nýlega byrjuð á náminu og er búin að fara tvisvar sinnum til Manchester núna í fyrstu loturnar. Svo vinn ég heimaverkefni og fer í próf í janúar. Ég fer næst út í lok janúar í tveggja vikna lotu“, segir Birna. „Námið er þrjú ár, fyrstu tvö er lotukennsla, heimaverkefni og próf en lokaverkefnið verður unnið á þriðja árinu. Ég mun klára fyrstu önnuna núna í janúar og náminu lýkur væntanlega vorið 2021. Þá get ég kallað mig verkfræðing!“



Aðspurð hvort ekki sé erfitt að púsla saman námi og vinnu segir Birna: „Jú, það getur verið aðeins of auðvelt að fresta heimaverkefnunum og lærdómi. Lotufyrirkomulagið hentar mér vel, því þegar ég er úti í skólanum er lítið annað sem kemst að. Loturnar eru skemmtilegar, kennararnir reynslumiklir og bekkjarfélagarnir koma alls staðar að úr heiminum.“ Hún nýtur sín líka vel í starfinu hjá Fjarðaáli. „Mér finnst ég umvafin skemmtilegu og metnaðarfullu fólki og ég hef fengið tækifæri til að vaxa í starfi. Styrkleikar mínir í starfi í dag eru á sviði gagnavinnslu og greiningar, sem ég tel mikilvægt í ljósi tækninýjunga og framtíðarmöguleika við notkun rauntímagagna við ástandsgreiningu og viðhaldsstýringu. Með því að bæta við þekkingu á viðhaldsfræðum mun ég auka gæði og skilvirkni í mínu starfi.“

Að lokum spyrjum við Birnu um áhugamál og lífsmottó. „Ætli helsta áhugamálið sé ekki að eiga góðar stundir með fjölskyldu og vinum? Ég hef mjög gaman að því að ferðast og hef farið víða, t.d. Dubai, Marokkó, í lestarferðalag um Austur-Evrópu og unnið sem gengilbeina í Florida. Ég æfði blak en er því miður ekki spilahæf eins og er. Ég spila líka borðspil, hlusta á hlaðvarp og horfi á einstaka þætti á Netflix. Lífsmottóið? Stundum er nóg bara að vera.“

Stefnir á doktorsgráðu í efnaverkræði

Petre Manolescu er verkfræðingur í álframleiðslu hjá Fjarðaáli en hann hefur jafnframt stundað doktorsnám í efnaverkræði við Université Laval í Québec, Kanada. Nú er Petre 34 ára og býr einn á Reyðarfirði, enda gefst að hans sögn lítið tækifæri fyrir annað en nám og vinnu. Hann hóf störf hjá Fjarðaáli í janúar 2015 en mun brátt halda vestur um haf til að sinna rannsóknum hjá Alcoa.

Ætlaði bara að smíða eigin gítarmagnara

Petre, sem nú er 34 ára, fæddist í Rúmeníu og bjó þar til 15 ára aldurs en þá flutti fjölskylda hans til Íslands. Hann fór á sérstaka braut við MH þar sem kennt er á ensku og lauk náminu á tveimur árum. Því var Petre aðeins 17 ára þegar hann skráði sig í HÍ og reyndi m.a. tölvunarfræði, viðskiptafræði og efnafræði. „Ég var alltof ungur“, segir hann. „Á þeim tíma vildi ég bara spila á gítar og verða rokkstjarna.“ Seinna, þegar hann var orðinn 24 ára, fór hann í rafmagnstækni-fræði við HR.

Hvers vegna valdi hann þessa grein? „Upphaflega fór ég í rafmagnið til að læra að smíða eigin gítarmagnara. Eftir annað árið fékk ég sumarstarf hjá Elkem Ísland við gagnavinnslu og framleiðsluþróun. Það kveikti áhuga minn á málframleiðslu og ég vann þar í skólafríum þar til BSc náminu lauk. Þá var ég kominn með reynslu af kísiliðnaði en vissi tiltölulega lítið um áliðnað. Ég byrjaði á því að brúa bilið á milli rafmagnstækni-fræði og málframleiðslu á vorönn 2012 í HR og fór svo til NTNU í Trondheim um haustið að taka námskeið í rafgreiningu, rafefnafræði, varmafræði, kolefni, o.fl. tengt álinu. Samhliða því stundaði ég tilraunir í litlum rafgreiningarkerum þar sem ég skoðaði áhrif fosfórs á straumnýtni í álframleiðslu, sem varð MSc verkefnið mitt.“

Fjölbreytileiki og tækifæri hjá Alcoa Fjarðaáli

Eftir MSc námið vildi Petre ná betri tókum á forritun og fékk vinnu hjá Isavia en haustið 2014 sótti hann um starf hjá Fjarðaáli og var ráðinn. „Allt sem ég hafði lært gaf mér skilning á því hvernig álframleiðsluferlið virkar og þeim efnahvörfum sem eiga sér stað“, segir hann. Petre finnst vinnan skemmtileg og segir að hún bjóði upp á mikinn fjölbreytileika og tækifæri. Hann greip svo sannarlega tækifærið að hefja doktorsnám við Université Laval í Québec en hann stefnir að doktorsgráðu í efnaverkræði (e. PhD, chemical engineering). Reiknað er með að námið taki fjögur ár, frá janúar 2017 til ársloka 2020. Aðalverkefnið er að rekja spor forskauta frá því að þau eru framleidd þangað til að þau koma aftur upp úr kerri sem skautleifar og nýta ýmsar greiningar til að auka þekkingu og skilning á þessu ferli.



Af hverju valdi Petre þennan háskóla? „Fræðslu- og rannsóknamiðstöð Alcoa (e. Center of Excellence, CoE) er með samning við Université Laval hvað varðar rannsóknir á vegum álframleiðslu. Þetta hefur verið þróað í gegnum árin og þar eru um 20 nemendur á masters- og doktorsstigi að sinna ýmsum þróunarverkefnum tengdum álframleiðslu.“ Petre bjó í Québec í fyrra þar sem hann þurfti að taka námskeið og hefja verkefnið á fullum krafti. Þá skrápp hann þangað í mars til að halda fyrirlestur á ráðstefnu og notaði þá tækifærið til þess að koma á samstarfi á milli ULaval og HR. „Þar með vil ég auka fótspor Fjarðaáls í háskólaumhverfinu á Íslandi“, segir hann.

Starfið tekur nýja stefnu í kjölfarið

Petre er ákaflega þakklátur Fjarðaáli fyrir stuðninginn og segir námið ekki hafa verið mögulegt án hans. Samstarfsfólk hans hjá Fjarðaáli þarf þó brátt að kveðja hann því honum hefur boðist önnur vinna innan Alcoa, í áður nefndu fræðslusetri, CoE í Deschambault, Québec. „Starfið kallast „Data Analytics and Software Engineer.“ Í þessu hlutverki mun ég vinna að því að þróa ný tól fyrir Alcoa sem hjálpa okkur að vinna betur úr öllum gögnum sem við erum að safna.“

Námið hefur auðsjáanlega opnað nýjar dyr fyrir Petre. Að lokum spyrjum við um áhugamál, ef einhver tími gefst fyrir þau. „Ég spila stundum á gítar, er að brýna á frönskuna og stunda ræktina nokkrum sinnum í viku. Ég er mikið fyrir mótorhjól en ég seldi mitt í sumar. Það verður klárlega efst á listanum mínum að fjárfesta í nýju hjóli eftir flutninginn.“

Spurning augnabliksins

HVAÐ ÆTLAR ÞÚ AÐ HAFA Í HUGA VIÐ KAUP Á JÓLAGJÖFUM Í ÁR?



Einar Már Stefánsson

„Ég ætla að hafa jólagjafirnar hóflegar í ár og við höfum þá reglu í okkar stórfjölskyldu að eftir fermingu þá hættum við að gefa jólagjafir. Það er líka mikilvægt að hugsa um hvað er verið að kaupa.“



Högni Páll Harðarson

„Ég læt öll jólagjafakaup bíða fram á Þorláksmessu, er mjög beinskeyttur í því að taka ekki þátt í þessum aðventudarraðadansi, mér finnst hann leiðinlegur. En ég legg áherslu á að gefa bækur, það eru bestu gjafirnar.“




Guðrún Margrét Björnsd.

„Börnin fá skemmtilega og spennandi pakka eins og venjulega en flest allar fullorðinsgjafirnar verða þannig að ég styrki góð málefni frekar en að gefa hluti. Þau fá kannski eitthvað heimabakað með en til hvers að vera að kaupa dót handa fólki sem á alveg nóg?“



Ingólfur Tómas Helgason

„Notagildi. Og svo er ég að fara að gefa litla barninu mínu gjöf í fyrsta skipti svo það verður gaman að velja hana og alveg ný hugsun að velja gjöf handa sínu eigin barni.“



Rúnar Magnússon

„Ég hafði hófsemi í huga við kaup á jólagjöfum í ár. Mér finnst neysluhyggjan vera komin út í algjört rugl og vildi aðeins sporna við henni.“



Matthías Þorvaldsson

„Ég ætla að kaupa eitthvað sem ég veit að einstaklinginn langar í og að það nýtist vel. Ekki bara gefa eitthvað.“



Jón Sölvi Ólafsson

„Ég ætla að gefa af mér og gefa tíma og hrós frekar en veraldlegar gjafir.“



Gerður Rún Rúnarsdóttir

„Ég ætla að gefa eitthvað sem nýtist og helst upplifun út frá umhverfisverndarsjónarmiðum.“

Særún Kristinsdóttir

„VERÐUM AÐ GERA OKKAR ALLRA BESTA TIL AÐ MINNKA SÓUN OG AUKA SJÁLFBÆRNI“

Leiðangur á vegum
náttúruverndarsamtakanna Earthwatch

Á hverju ári gefst starfsmönnum Alcoa um allan heim tækifæri til þess að sækja um að fara í leiðangur á vegum náttúruverndarsamtakanna Earthwatch. Alcoa greiðir þátt-tökugjaldið ásamt ferðakostnaði og uppihaldi. Síðastliðin ár hafa margir starfsmenn Fjarðaáls verið svo heppnir að detta í lukkupottinn og þeir hafa upplifað ótrúleg ævintýri sem gleymast seint. Eftir heimkomuna er þeim skylt að kynna ferðalagið og auka umhverfis meðvitund fólks í sínu samfélagi. Særún Kristinsdóttir, leiðtogi í kerskálateymi Fjarðaáls, var svo heppin að vera valin til þátttöku í ár og tók vel í að deila reynslu sinni með lesendum Fjarðaáls-frétta.

Eyjaþæja var valin í ferð til Andorra

Særún er fædd og uppalin í Vestmannaeyjum en bjó einnig á Flúðum í nokkur ár. Núna er hún 36 ára og býr á Reyðarfirði ásamt tveimur börnum sínum sem eru 13 og 15 ára. Hún er ein af þeim starfsmönnum sem eru með hvað lengstan starfsferil hjá fyrirtækinu en hún hóf störf í september 2006 þegar enn var verið að reisa álverið.

„Ég hef mörgum sinnum séð póstinn um Earthwatch og byrjað að skrifa umsókn en hætt við því þetta er mjög langt ferli og allt á ensku“ segir Særún. „En núna var það bara ekki lengur afsökun þannig að ég prófaði að sækja um og var svo valin í hópinn.“ Earthwatch-leiðangrar eru fjölmargir og það er mismunandi eftir árum hvert starfsmönnum

Alcoa býðst að fara. Í ár var leiðangurinn til Andorra sem er smáríki í Suður-Evrópu en þar voru skoðaðar loftslags-breytingar í Pýreneafjöllum. Leiðangurinn stóð frá 13. til 21. september. Vert er að taka fram að starfsmenn Alcoa þurfa ekki að nota orlofsdagana sína og halda launum á meðan á leiðangrinum stendur.

Eins og í bíómynd

Til að komast til Andorra flaug Særún til Barcelona og hitti þar hina þátttakendurna en þeir eru allir starfsmenn Alcoa. Fólkið kom víða að t.d. frá Ástralíu, Brasilíu og Kanada ásamt fleiri stöðum. „Þegar við vorum búnir að heilsast fórum við saman í rútu sem fór beint með okkur til Andorra. Þetta er pínulítið ríki á milli Spánnar og Frakklands en rosalega fallegt þarna. Mér fannst eins og ég væri komin inn í bíómynd og ég var gapandi yfir þessu stórkostlega landslagi“ segir Særún.

Særún segir að það hafi verið spáð rigningu allan þann tíma sem þau voru í Andorra en veðrið var þeim hliðholtt með nánast glampandi sól alla dagana. „Við gistum á rosalega fallegu fjallahóteli sem er yfirleitt fullt á veturnar því þarna eru frábærar skíðabrekkur. Þetta var ströng dagskrá sem við þurftum að fylgja. Við vorum ræst klukkan sex á morgnana og komin út um sjöleytið. Þá var farið beint upp í fjöllin. Stundum var farið mjög hátt og aðra daga var aðeins farinn smá spölur“



Hópurinn sem tók þátt í leiðangrinum

Aðstoð við vísindamenn og nytsöm fræðsla

Þátttakendur fylgja vísindamönnum sem eru með mikla reynslu af rannsóknum, og aðstoða þá við ýmsa hluti. „Við vorum til dæmis að skipta um batterí í myndavélunum, kíkja í gildrur hvort það væru dýr í þeim, að fanga fugla og mæla þá og grafa upp tepoka sem höfðu verið þarna allt sumarið. Þetta var skemmtilegasti hluti dagsins.“ Þegar leiðangursmenn voru búnir að ljúka dagsverkinu á vettvangi fóru þeir niður á hótél og þar tóku við fyrirlestrar, en þeir stóðu yfirleitt frá 16:30 til 20:00. „Stundum var mjög erfiitt að halda sér vakandi á þeim“ segir Særún, „en þetta var auðvitað hluti af prógraminu og maður reyndi sitt besta við að hressa sig við.“ Eftir fyrirlestrana tók við kvöldmatur. „Maturinn þarna var svo góður, alltaf svakalega vel útlátið og maður fór saddur og sæll að sofa á kvöldin.“

Getur Særún mælt með Earthwatch-leiðangri? „Ég get svo sannarlega mælt með þessu fyrir alla, bara að opna aðeins heiminn meira, læra um náttúruna og hvað við mannfólkið þurfum að fara að passa okkur betur og minnka skaðann á jörðinni. Það var áhrifaríkt að hlusta á fólk frá öðrum heimsálfum hvað flokkun á rusli getur verið léleg á þeirra heimaslóðum og jafnvel bara ekki framkvæmd og allt brennt eða grafið. Og líka við sem vinnum hjá stóriðjufyrirtækjum - við verðum að vera meðvituð og gera okkar allra besta til að minnka sóun og auka sjálfbærni“ segir Særún að lokum.



Særún á ferð um fjalllendi Andorra

ELSTI GESTURINN SEM HEFUR SÓTT ÁLVERIÐ HEIM

Hinn 102 ára gamli Norðfirðingur, Stefán Þorleifsson, heimsótti álverið í maí með Rótarýklúbbum




Rótarýklúbbarnir á Héraði og í Neskaupstað héldu sam-eiginlegan fund í álverinu í maí. Áður en fundurinn hófst, skoðuðu fundarmenn kerskála og hreinsivirki álversins og ræddu við Magnús Þór Ásmundsson, forstjóra Fjarðaáls. Með í för var elsti gesturinn sem hefur heimsótt álverið, hinn 102 ára gamli Norðfirðingur, Stefán Þorleifsson. Hann tekur enn virkan þátt í starfi Rótarýklúbbs Neskaupstaðar og þá er Vilborg dóttir hans einnig í klúbbum.

Meðal þess sem gestirnir fengu kynningu á var umhverfis-verkefni sem staðið hefur yfir í álverinu frá því í byrjun ársins og snéri að því að skipta út öllum slúpokunum í hreinsivirki álversins. Afgasið frá rafgreiningarkerunum í kerskálunum er sogað í gegnum slúpoka áður en það fer út í andrúmsloftið. Nýju slúpokarnir eru með tvöfalt meira yfirborð en þeir gömlu og auka verulega afköst hreinsivirkj-anna. Pokarnir eru sjö metra langir og inni í þeim eru grindur sem halda þeim í skorðum. Hreinsivirkin eru tvö og í hvoru þeirra eru 11.520 slúpokar. Nýverið lauk vinnunni við að skipta um alla þessa poka sem merkir að hægt er að auka afsog frá kerskála talsvert og draga þannig úr umhverfis-áhrifum.



Vilborg og Stefán, elsti gestur sem hefur komið í álverið, kynna sér öryggisreglurnar áður en haldið er af stað



Grindur úr gömlu slúpokunum mynduðu skammtilegan skúlpúr þar sem þeir biðu þess að fara í endurvinnslu

NÝIR RAFLAUSNARBÍLAR AUKA ÖRYGGI OG FRAMLEIÐNI

Fjarðaál fékk á árinu afhenta tvo nýja raflausn-arbíla sem leysa eldri raflausnarbíla af hólmi



Raflausnarbíll er notaður til að tryggja rétta raflausnarhæð í rafgreiningarkerum í kerskálunum. Raflausn er þá ýmist suguð upp úr kerri eða hellt í ker eftir þörfum. Raflausnina flytur billinn í stóru íláti sem kallast raflausnardeigla en raflausnin er um 965 gráðu heit í rafgreiningarkerunum.

Raflausnarbíllarnir eru frá hollenska fyrirtækinu Hencon. Nýju raflausnarbíllarnir auka framleiðni með meiri stöðug-leika og gæðum í raflausnarflutningi. Bíllarnir eru liprir í

akstri og bæta öryggi starfsmanna í kerskála, til að mynda eru 360° myndavélar í bílnum og skynjarar sem draga úr hættu á árekstrum.

Fulltrúar frá Hencon komu í heimsókn í álverið í haust til að fræða iðnaðarmenn á farartækjaverkstæði Fjarðaáls um viðhald bílanna og framleiðslustarfsmenn um notkun þeirra.

Styrkúthlutun

RÚMAR 27 MILLJÓNIR
VEITTAR Í STYRKÚTHLUTUN
FJARÐAÁLS 2018

Þann 11. desember var úthlutað við formlega athöfn í Tónlistarmiðstöð Austurlands á Eskifirði hluta þeirra samfélagsstyrkja sem Fjarðaál veitti á árinu 2018

Styrkirnir voru veittir úr Styrktarsjóði Fjarðaáls fyrir samtals 18 milljónir, styrki úr Íþróttasjóðnum Spretti fyrir 2,5 milljónir og einnig var formlega afhentur styrkur frá Samfélagssjóði Alcoa (Alcoa Foundation) sem nam 7 milljónum króna eða 60 þúsundum dollara. Samtals var því úthlutað styrkjum sem nema 27,5 milljónum króna.

Verkefni sem hlutu styrki þetta árið í vor- og haustúthlutun Styrktarsjóðs Alcoa Fjarðaáls voru afar fjölbreytt. Þó má segja að þetta hafi verið ár „ærslabelgjastyrkja“ en samtals voru veittir sex styrkir til að setja upp svokallaða ærslabelgi vítt og breitt um Austurland. Þá voru veittir styrkir til margvíslegra menningar-, forvarnar- og tómstundarverkefna auk þess sem fjórar björgunarsveitir hlutu styrk. Hæstu einstöku styrkirnir þetta árið, ein milljón hvor, fóru til Ungs Austurlands annars vegar til að halda atvinnu- og menntasýningu á Austurlandi og hins vegar til nýstofnaðrar Sinfóníuhljómsveitar Austurlands. Hluti sveitarinnar kom saman í tilefni af úthlutuninni og flutti jólagið um Rúdólf með rauða nefið. Nýafstaðnir tónleikar sinfóníuhljómsveitarinnar þann 1. desember hlutu mikið lof og verður skemmtilegt að fylgjast með næstu verkefnum hennar. Á næstu síðum má sjá lista yfir öll þau verkefni sem hlutu styrk úr sjóðnum í ár.

Sprettur er Íþróttasjóður sem Alcoa Fjarðaál leggur til fjármagn en ÚÍA sér um utanumhald hans. Úr Spretti voru samtals veittar 2,5 milljónir en þær runnu til ungs íþróttafreksfólks á Austurlandi og til þjálfara og íþróttafélaga.

Þá var einnig veittur einn styrkur úr Samfélagssjóði Alcoa, Alcoa Foundation. Hann rann til LungA skólans á Seyðisfirði og hlaut skólinn samtals 60 þúsund dollara sem samsvavar um 7 milljónum króna til að efla skólann og stuðla að uppbyggingu varanlegs skólahúsnæðis á Seyðisfirði. Skólinn fékk að gjöf gömlu netaverksmiðjuna frá Síldarvinnslunni og þar hafa staðið yfir miklar breytingar þannig að framlag Samfélagssjóðs Alcoa var kærkomið í þá vinnu. Lasse Høgenhof, skólastjóri LungA skólans, veitti styrknum viðtöku og sagði frá vinnunni við uppbyggingu skólans en þar stunda um 40 nemendur nám á hverju skólaári við listir og skapandi greinar.



Margir efnilegri íþróttamenn tóku við styrk úr Spretti



Fulltrúar þeirra félaga sem hlutu styrk úr Styrktarsjóði Fjarðaáls árið 2018

Umsækjandi	Verkefni
ADHD Samtökin	Gerð stuttmyndar á Seyðisfirði sem snertir á málefnum eins og geðheilsu, vináttu drengja, félagslegri einangrun og sjálfsvígum
Aksturíþróttafélagið Start	Tveggja daga alþjóðleg torfærukeppni í Ylsgírusum við Mýnes
Austfirskir staksteinar	Tónleikar og útgáfa hljómplötu með efni Óðins G. Þórarinssonar frá Fáskrúðsfirði
Austurbrú	Sýning í tilefni fullveldis Íslands á Austurlandi
Austurbrú	Barnamenningarhátíð á Austurlandi í september 2018
Björgunarsveitin Ársól, Reyðarfirði	Kaupa fjórhjól með beltabúnaði
Björgunarsveitin Eining, Breiðdalsvík	Koma fyrir kassa með björgunarvestum nærri bryggjunni til að auka öryggi barna sem dorga
Björgunarsveitin Hérað, Fljótshálsbúa	Gera upp bifreið til að nota til björgunarstarfa
Björgunarsveitin Jökull	Breytingar á bifreið þannig að hún henti til að flytja sjúklinga á börum
Blátt áfram	Þjálfun fyrir leiðbeinendur sem vinna með börnum og unglingum á Austurlandi
Bókasafn Héraðsbúa	Setja upp farandsýninguna Kona á skjön sem fjallar um ævi og störf rithöfundarins Guðrúnar frá Lundi
Bókstafur ehf.	Útgáfa 101 Austurland - Gönguleiðir fyrir alla
Bókstafur ehf.	Útgáfa byggð á heftinu Fornir fjallvegir á Austurlandi
Brján; Blús-, rokk- og djassklúbburinn á Nesi	Tónleikar í samstarfi við Fjarðadætur og Rocknes til heiðurs Arethu Franklin
DDT pönkviðburðir	Pönkhátíð með fjórum austfirskum hljómsveitum
El Grillo félagið	Sýning í tilefni af því að 10. febrúar 2019 verða 75 ár liðin frá því El Grillo sökk í Seyðisfirði
Ferðamálahópur Borgarfjarðar eystri	Uppfæra og endurútgefa gönguleiðakortið Víknaslóðir og halda áfram uppbyggingu og viðhaldi á gönguleiðinni
Félag áhugafólks um fornleifarannsóknir á Stöð í Stöðvarf	Frekari fornleifarannsóknir á Stöð í Stöðvarfirði



Styrkþegar frá Spretti og fulltrúar frá ÚÍA og Fjarðaðli

Umsækjandi	Verkefni
Félagsmiðstöðin Nýjung	Ritsmiðja fyrir mið- og elsta stig grunnskóla og til að halda forvarnardaginn fyrir 8.-10. bekk í fjórða sinn
Félagsmiðstöðin Nýjung	Myndlistarhópur fyrir unglinga í 8.-10. bekk á Fljótsdalshéraði
Félagsmiðstöðvar Fjarðabyggðar	Ungmennahátíðin Kuldaboli 2018
Fimleikadeild Hattar, Egilsstöðum	Til áhaldakaupa
Fimleikadeild Leiknis, Fáskrúðsfirði	Til áhaldakaupa
Foreldra- og kennarafélag Fellaskóla	Bjóða stelpum í 6.-10. bekk á Fljótsdalshéraði, foreldrum og kennurum á námskeiðið Stelpur geta allt
Foreldrafélag grunnskóla Eskifjarðar	Fræðsla og námskeið fyrir börn sem glíma við lágt sjálfsálit
Foreldrafélag grunnskóla Reyðarfjarðar	Söfnun fyrir ærslabelg á Reyðarfirði
Foreldrafélag Nesskóla, Neskaupstað	Forvarnarfræðsla á unglingastigi í efstu bekkjum Nesskóla í Neskaupstað
Foreldrafélag VA	Kaup á spjaldtölvum fyrir starfsbraut Verkmenntaskóla Austurlands til notkunar í kennslu
Foreldrafélag Vopnafjarðarskóla	Söfnun fyrir ærslabelg á Vopnafirði
Foreldrafélög grunn- og leikskóla Seyðisfjarðar	Söfnun fyrir ærslabelg á Seyðisfirði
Gunnarsstofnun	Rithöfundalestin 2018
Göngufélag Suðurfjarða	Hreinsunardagur í fjörunum í sunnanverðri Fjarðabyggð
Íbúasamtök Eskifjarðar	Söfnun fyrir ærslabelg á Eskifirði
Íþróttafélagið Þróttur, Neskaupstað	Söfnun fyrir ærslabelg í Neskaupstað
Karatefélag Eskifjarðar	Útbúa sal til karateiðkunar
Kvenfélagið Bláklukka, Egilsstöðum	Útgáfa á 70 ára sögu Kvenfélagsins Bláklukku
Körfuknattleiksdeild Fjarðabyggðar	Körfuboltaskóli víðs vegar í Fjarðabyggð



Lasse Høgenhof tók við styrk fyrir hönd LungA skólans. Gillian Haworth sagði frá stofnun Sinfóníuhljómsveitar Austurlands



Umsækjandi	Verkefni
Leikfélag Fljótsdalshéraðs	Setja á svið leiksýningu og kvikmynda hana
List í Ljósi	List í Ljósi, vetrarhátíð á Seyðisfirði í febrúar
Listaakademía VA; Djúpið	Leiklistanámskeið fyrir nemendur VA
Litla ljóða hámerin	Litla ljóðahátíðin í Norðausturríki og Ljóðaganga í skógi
LME	Uppsetning á leiksýningu menntaskólans
Millifótakonfekt	Eistnaflug, fagleg og rótgróin alþjóðleg tónlistarhátíð
Minjasafn Austurlands	Endurbætur á sumarhúsi Jóhannesar Kjarval í Kjarvalshvammi á Fljótsdalshéraði
Rauðakrossdeildir Fjarðabyggðar	Ferðalag um Austurland fyrir flóttafólk á svæðinu
SamAust	Standa að Austurlandsmóti fulltrúa félagsmiðstöðva
Sinfóníuhljómsveit Austurlands	Fyrstu tónleikar hljómsveitarinnar 1. desember 2018
Skemmtifélag Stöðvarfjarðar	Söfnun fyrir ærslabelg á Stöðvarfirði
Skjala- og myndasafn Norðfjarðar í samstarfi við Héraðsskjalasafn Austurlands	Koma skönnuðum sögulegum heimildum á vefinn
Sumartónleikaröðin Bláa Kirkjan	Tónleikar á miðvikudagskvöldum í júl í Seyðisfjarðarkirkju
Tónleikafélag Austurlands	Tónleikar þar sem ungmenni af svæðinu eru í aðalhlutverki og ágóðinn rennur til HSA vegna geðheilbrigðismála ungs fólks
Tónleikafélag Austurlands	Master class í slagverksleik fyrir unglinga
Tónlistarstundir	Sex tónleikar sumarið 2018 í Egilsstaða- og Vallaneskirkju
Ungt Austurland	Atvinnu- og menntasýning á Austurlandi í samstarfi við SSA
Vegahúsið, ungmennahús	Sjáumst-hópurinn fyrir ungmenni sem standa höllum fæti félagslega
Verkmenntaskóli Austurlands	Tæknidagur fjölskyldunnar 2018
Þjóðminjasafn Íslands	Lokafrágangur umhverfis Sómastaði
Þroskahjálp á Austurlandi	Listahátíðin „List án landamæra“ í maí 2018

HUNDRAÐASTI NEMINN ÚTSKRIFAST FRÁ STÓRIÐJU- SKÓLA FJARÐAÁLS

Þann 4. maí síðastliðinn útskrifuðust
30 starfsmenn frá Stóriðjuskóla Fjarðaáls

Þau skemmtilegu tímamót urðu í sögu skólans við síðustu útskrift að hundraðasti nemandinn fékk skirteinið sitt í hendurnar, en skólinn hóf göngu sína haustið 2011.

Útskriftarathöfnin fór fram í mötuneyti fyrirtækisins, að loknum kynningum á lokaverkefnum nemenda. Öll verkefni höfðu umbætur að leiðarljósi og fjölluðu meðal annars um umbætur á hönnun skautbakka, skuggatöflur og hönnun kerloka svo dæmi séu tekin. Óhætt er að segja að verkefnin hafi verið hvert öðru glæsilegra og borið nemendahópnum gott vitni.

Að skólanum standa Alcoa Fjarðaál, Austurbrú og Verkmenntaskóli Austurlands og er kennt samkvæmt námskrá Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, Nám í stóriðju. Hægt er að fá námið metið til eininga á framhaldsskólastigi. Verkmenntaskóli Austurlands hefur samþykkt að meta grunnnámið til allt að 18 eininga og framhaldsnámið til allt að 20 eininga. Samtals er því hægt að fá metnar 38 einingar hjá VA ljúki nemendur bæði grunn- og framhaldsnámi, en hvort tveggja er þrjár annir að lengd.




Einar Tómas Björnsson, sem hefur bæði starfað í kerskála og steypuskála, tekur kampakátur við blómum

Útskriftarhópurinn ásamt Kjartani Glúmi Kjartanssyni umsjónarmanni námsins hjá Austurbrú




HVAÐ LANGAR ÞIG HELST AÐ FÁ Í JÓLAGJÖF?




Valgerður Yngvadóttir

„Verkfæri, það er alltaf hægt að gefa mér verkfæri.“




Jóhann Þorsteinsson

„Ætli það sé ekki bara góð úlpa fyrir veturinn.“



Justina Stark

„Mig langar í spegil með LED-ljósi.“



Soffía S. Jónasdóttir

„Mig langar í nuddtæki frá Eirberg, það er draumajólagjöfin mín í ár.“



Alessio Gani

„Ég hef gaman að tölvum og mig langar í eitthvað nýtt forrit í tölvuna eða leik.“



Þóra Svanbergsdóttir

„Mig langar alltaf í ferð til útlanda!“



Kristinn Harðarson

„Eitthvað tónlistartengt, einhverjar græjur.“



Írena Fönn Klemensen

„Ég er að læra hárgreiðslu og mig vantar fullt af hárgreiðsludóti, til dæmis krullujárn.“

SENDIRÁÐ PÓLLANDS SETTI UPP AFGREIÐSLU Í ÁLVERINU

Pólska sendiráðið á Íslandi kom tvívegis í heimsókn í álver Alcoa Fjarðaáls á árinu og setti þar upp tímabundna afgreiðslu



Gerard Pokruszyński, sendiherra Póllands á Íslandi, afgreiðir umsóknir um endurnýjun vegabréfa í álverinu á Reyðarfirði

Pólska sendiráðið á Íslandi kom tvívegis í heimsókn í álver Alcoa Fjarðaáls á árinu og setti þar upp tímabundna afgreiðslu. Gerard Pokruszyński, sendiherra Póllands á Íslandi, og Jakub Pilch, sendiráðsritari, afgreiddu þar ýmis erindi Pólverja sem búa á Austurlandi. Meðal annars fengu nokkrar fjölskyldur vegabréf sín endurnýjuð og spöruðu sér þannig ferðalag til Reykjavíkur. Áður hafði pólska sendiráðið verið með sams konar þjónustu á Ísafirði og Akureyri. Gerard Pokruszyński segir að viðtökurnar hafi verið vonum framar og allar líkur séu á að þetta verði fastur liður í starfsemi sendiráðsins. Meira en 14.000 pólskir ríkisborgarar búa vítt og breitt um Ísland. Sendiherrann segir mikilvægt að sendiráðið þekki hagi þeirra og komi sem best til móts við þarfir þeirra.

Gerard Pokruszyński og Jakub Pilch notuðu tækifærið þegar þeir komu í fyrra skiptið og skoðuðu álverið og ræddu við pólska starfsmenn í leiðinni. Sendiherrann segir að hljóðið í samlöndum hans hafi almennt verið mjög gott. Flestir hafi aðlagast vel íslensku samfélagi og sumir séu að ala upp aðra eða jafnvel þriðju kynslóð Pólverja á Íslandi. Tungumálið geti þó vissulega verið hindrun og mikilvægt sé að bjóða upp á íslenskunám fyrir Pólverja á vinnumarkaðnum.

Gerard segist þekkja af eigin raun að íslenskan sé ekki auðveld viðureignar. Hann tók við starfinu í janúar á þessu ári og leggur hart að sér í íslenskunámi. En Gerard segir einnig æskilegt að boðið sé upp á pólskukennslu fyrir börn af pólskum uppruna í grunnskólum á Íslandi. Þannig haldi þau betri tengslum við Pólland og eigi auðveldara með að fara þangað síðar í nám.

VÍSAR JAGUAR I-PACE VEGINN?

Framtíð bílaíðnaðar mun öðru fremur snúast um öryggi og umhverfi

Framtíð bílaíðnaðar mun öðru fremur snúast um öryggi og umhverfi. Hvað orkugjafa varðar er líklegt að raforka verði í aðalhlutverki með einum eða öðrum hætti. Íslendingar standa vel að vígi þegar kemur að umhverfissvænni raforkuframleiðslu og hafa sett sér metnaðarfull markmið um rafbílavæðingu á næstu árum. Hvað efni í bílum varðar horfa áframleiðendur björtum augum til framtíðar bílaíðnaðar. Álnotkun í bílum hefur aukist jafnt og þétt í langan tíma. Ál er létt, sterkt, endingargott og umhverfissvænt. Þegar kemur að endurnýtingu hefur ál algjöra yfirburði.

Jaguar Land Rover samsteypan hefur veðið á kosti álnotkunar í bílum sínum. Jaguar I-PACE er fyrsti hreinræktaði rafbíllinn sem þessi breski bílaframleiðandi setur á markað. I-PACE er fullvaxinn, fimm sæta „álríkur“ fjölskyldubíll, rúmlega tveir metrar á breidd en afar straumlínulagaður, þannig að loftviðnámsstuðullinn er aðeins 0,29. Framleiðsla bílsins hófst í mars 2018 og viðtökurnar hafa verið frábærar. I-PACE hefur rakað að sér viðurkenningum og meðal annars verið valinn bíll ársins í Þýskalandi. BL býður Jaguar I-PACE á Íslandi og verðið er frá 9,8 milljónum króna.

Jaguar I-PACE er knúinn tveimur rafmótorum sem skila samtals 394 hestöflum og 696 Newton-metra togi. Tafarlaust tog og aldrifsgrip koma bílnum á 4,8 sekúndum upp í 100 kílómetra hraða á klukkustund. Drægnin í eðlilegum akstri er 470 kílómetrar á fullri hleðslu, samkvæmt WLTP-prófunum. Hleðsla í klukkutíma gefur 270 kílómetra drægni. Álkassinn utan um rafhlöðuna á milli öxlanna er um leið undirvagn og mjög mikilvægur hluti af hönnun I-PACE. Hann bætir öryggi og aksturseginnleika bílsins. Þyngdarpunkturinn er mjög lágur og þyngdardreifingin eins og best verður á kosið.

Mismunandi álblöndur eru 93% af þyngd yfirbyggingar I-PACE, þar á meðal er RC 5754 álblandan sem Jaguar og Novelis hafa þróað úr endurunnu áli. Önnur efni í yfirbyggingunni eru bóron 4% og stál 3%. Vélarhlíf og hurðir eru líka úr álblöndum. I-PACE er léttur og lipur en um leið mjög sterkur og stöðugur. I-PACE fékk fimm stjörnur í árekstraprófi Euro NCAP.



Gleðilega hátíð

Við teljum að með öflugu samstarfi leggjum við öll grunninn að bjartri framtíð. Þess vegna er Alcoa Fjarðaál stoltur styrktaraðili nýstofnaðrar Sinfóníuhljómsveitar Austurlands, sem spilaði á sínum fyrstu tónleikum þann 1. desember. Hér má sjá hinn 18 ára gamla Kristófer Gauta Þórhallsson, fiðluleikara, sem kom í fyrsta skipti fram með fullskipaðri sinfóníuhljómsveit.

Starfsfólk Fjarðaáls óskar Sinfóníuhljómsveit Austurlands velgengni á nýju ári og sendir landsmönnum öllum hátíðarkveðju.